

# Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar

## Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)

Með viðbótum vegna breytinga á veglínunum



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 06 -19  
Febrúar 2019

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning mán/ár:</b> Febrúar 2019
		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 6-19	<b>Verknúmer:</b> 390	
<b>Heiti skýrslu:</b> Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)		<b>Blaðsíður:</b> 74
		<b>Upplag:</b> 10
<b>Höfundur:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Fjöldi korta:</b>
		<b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b>
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b> Vegagerðina
<b>ÚTDRÁTTUR</b> <p>Náttúrustofa Vestfjarða gerði fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra breytinga á Vestfjarðavegi (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegar (63). Skráðar voru 48 fornleifar innan 100 m frá ystu línu vegskeringa í fyrstu rannsókninni en bætt var við 12 minjum í viðbót í seinni rannsókninni. Rannsóknin er gerð sem hluti af mati á umhverfisáhrifum. Alls fundust 60 minjar.</p>		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifaskráning, umhverfismat		<b>Lykilorð ensk:</b> Archeaology, Survery
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b>		<b>Yfirfarið af:</b> Hulda Birna Albertsdóttir

**EFNISYFIRLIT**

ÚTDRÁTTUR.....	2
1. INNGANGUR .....	4
2. AÐFERÐAÐFRÆÐI.....	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2.2 Skrá yfir fornleifar .....	6
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ .....	6
4. BORG.....	7
4.1 Saga Borgar .....	7
4.2 Fornleifar í landi Borgar .....	8
5. DYNJANDI .....	10
5.1 Saga Dynjanda.....	10
5.2. Fornleifar í landi Dynjanda.....	10
6. TROSTANSFJÖRÐUR.....	16
6.1 Saga Trostansfjarðar .....	16
6.2 Fornleifar í landi Trostansfjarðar .....	17
7. REYKJARFJÖRÐUR.....	22
7.1 Saga Reykjarfjarðar.....	22
7.2 Fornleifaskráning Reykjarfjarðar .....	22
8. FOSS .....	26
8.1 Saga Foss .....	26
8.2 Fornleifar í landi Foss.....	26
9. DUFANSDALUR.....	30
9.1 Saga Dufansdals .....	30
9.2 Fornleifar í landi Dufansdals.....	31
9.3 Saga Hella .....	43
9.4 Fornleifar Hella .....	44
10. SAMANTEKT .....	55
10.1 Dynjandi og Borg.....	56
10.2 Trostansfjörður .....	57
10.3 Reykjarfjörður .....	57
10.4 Fossfjörður .....	57
10.5 Hella .....	59
Heimildaskrá.....	63
Óútgefnar heimildir .....	63
Kort 4. Borg.....	64
Kort 5. Dynjandi.....	65
Kort 6a. Trostansfjörður .....	66
Kort 6b. Trostansfjörður .....	67
Kort 7. Reykjarfjörður .....	68
Kort 8. Austanverður Fossfjörður .....	69
Kort 9. Dufansdalur.....	70
Kort 10. Vestanverður Fossfjörður .....	71
Kort 11a. Hella .....	72
Kort 11b. Hella.....	73
Kort 11c. Hella .....	74

## 1. INNGANGUR

Fyrirhuguð er framkvæmd á Vestfjarðavegi (60) milli Hörgsness í Vatnsfirði við norðanverðan Breiðafjörð og Mjólkár í Borgarfirði. Í tengslum við þá framkvæmd þarf að endurbyggja og leggja nýjan Bíldudalsveg (63) frá Hvassnesi við mynni Fossfjarðar að vestanverðu og að Vestfjarðavegi í Helluskarði. Núverandi vegur frá Hörgsnesi að Borg í grennd við Mjólká er 41,1 km langur en nýr vegur um Dynjandisheiði er áætlaður liðlega 36 langur. Núverandi Bíldudalsvegur frá Hvassnesi að Helluskarði er 29,1 km langur en nýr vegur verður liðlega 28 km langur. Í tengslum við framkvæmdina gerði Náttúrustofan fornleifarannsóknir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og var gefin út skýrsla um þær í mars 2018. Þar sem leiðir hafa breyst síðan voru gerðar viðbótarrannsóknir og er þeim lýst hér. Einnig eru áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar endurskoðuð í samræmi við nýjar og breyttar veglínur. Vettvangsvinna vegna leiðar um Vestfjarðaveg um Dynjandisheiði fór fram í ágúst 2015 og vettvangsvinna á Bíldudalsvegi fór fram 27. og 28. október 2016. Vettvangsvinnu unnu fornleifafræðingarnir Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðrún Jóna Þráinsdóttir. Þeim til aðstoðar var Guðmundur Birgir Smáráson. Farin var önnur ferð í Vatnsfjörð þann 13. apríl 2018 af Margréti Hallmundsdóttur. Við rannsóknirnar var skoðað var 100 m breitt beltí umhverfis fyrirhuguð vegstæði. Skýrsluskrif annaðist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir fyrirfram skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar (isnet) á hverjum stað með *Trimble junó 5* uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

„Skyllt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.“

### Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

### Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

„fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrisjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er

skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).”


Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 Skrá yfir fornleifar

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1833 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1833-001.

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar nær frá Vatnsfirði í suðri að Mjólka í Borgarfirði í norðri og að Hvassnesi við mynni Fossfjarðar í vestri. Kort 1 sýnir fyrirhugað framkvæmdarsvæði og framkvæmdakosti, grunnveglínuna F á Dynjandisheiði þar og leiðir sem víkja frá henni: A1, A2, A3, F2 og F3, B2, D og E og grunnveglínuna X á Bíldudalsvegi og veglínur sem víkja frá henni; veglínu Z og Y.



**Kort 1.** Fyrirhugað framkvæmdarsvæði Vestfjarðavegar (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63). Kort: NAVE/Hulda Birna Albertsdóttir. Veglínur: Vegagerðin. Grunnur: Loftmyndir ehf.

## 4. BORG

### 4.1 Saga Borgar

„Jarðadýrleiki xii c., og so tíundast 4 tíundum“<sup>1</sup>. „Frá Dynjandi til Borgar sem er 12 Hdr. Jörð er mikið löng bæjarleið, tvær hlíðar beggja megin við Meðalnesið, meira en ein míla að lengd. Hún er ekki slæm jörð.

<sup>1</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín .VII. :11.

Hennar ókostir eru helst illviðri af suðaustri, austri og norðri á fjarðarbotni. Hún er skógar og útigangsjörð<sup>2</sup>. Sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið en ávalur hóll stendur þar sem bærinn stóð áður.

#### 4.2 Fornleifar í landi Borgar

**Númer:** 1833-1

**Eldra númer:** ÍS-181571-8:015

**Tegund:** Lending

**Hlutverk:** Lending

**Staðsetning:** A 308146 N 591963

**Staðhættir:** Við ströndina um 80 metra norður af núverandi vegstæði er lending. Lendingin snýr nokkurn

vegin í norður.



**Mynd 1.** Lendingin, myndin er tekin í norður.

**Minjalýsing:** Greinilegt er að grjóti hefur verið rutt frá til að auðvelda aðkomu að ströndinni. Svæðið sem myndar lendinguna er um 5 m á breidd.

**Hættumat:** Leið F - Lítil hættu (Kort 4).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-2

**Eldra númer:** ÍS-181571-8:016

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Naust

**Staðsetning:** A 308162 N 591935

**Staðhættir:** Í fjörunni um 10 metra suður frá lendingunni [001] og 70 norður af núverandi vegstæði.

**Minjalýsing:** Naustið er niðurgrafið og er stórt grjót við austurhlið þess en ekki nein merki um hlaðna vegg. Það er 2 m á breidd og 3 m á lengd. Naustið snýr í norður/suður og opið í norður.

**Hættumat:** Leið F - Hætta (Kort 4).

**Hættuorsök:** Vegagerð.



**Mynd 2.** Lítið naust.

<sup>2</sup> Sóknarlýsing Vestfjarða II, 1952:33.



**Númer:** 1833-3

**Tegund:** Samgöngubót

**Hlutverk:** Leið

**Staðsetning:** A 307961 N 591800

**Staðhættir:** Um 74 m neðan við núverandi veg um Arnarfjörð, er gamla þjóðleiðin.

**Minjalýsing:** Vegurinn er mjög greinilegur á loftmyndum og sést vel á mörgum stöðum. Hægt er að greina leiðina frá ósum Mjólkár og alveg að Snjalleyni eða 2,4 km.

**Hættumat:** Leið F - Mikil hættu (Kort 4). Gamla leiðin lendir sumstaðar undir vegi eða á framkvæmdarsvæði.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-4

**Eldra númer:** ÍS-181571-8:017

**Tegund:** Rétt

**Hlutverk:** Byrgi

**Staðsetning:** A 308410 N 592077


**Staðhættir:** 140 m frá norður af núverandi vegstæði og 80 m frá lítilli bryggju er grjóthlaðin rétt. Í örnefnaskrá Borgar segir: „Stór steinn er

innan við Innri Sneiðinga ofan við fjöruborð. Hann heitir Katrínarsteinn. Sagt er, að vinnukona hafi alið barn við steininn. Rétt var við hann nefnd Katrínarrétt, steinninn hafður fyrir einn vegg (mynd 3). Hún var nærri fallin þegar Ingunn var á Borg, og því ekki notuð<sup>3</sup>.

**Minjalýsing:** Rústin er byggð upp við stóran stein sem er um 3,2 m á hæð. Norðurhlið steinsins er tiltölulega slétt og snýr hún inn í rústina. Rústin er með dyr í norður og er innanmál hennar 3 m á breidd og 2,5 m á lengd. Rústin sjálf er hlaðin úr fjörugrjóti og er hleðslan hæst um 1 m og breidd veggja er 1-1/2 m.



**Mynd 3.** Réttin sem byggð er við stóran stein, myndin er tekin í suður.



**Teikning 1.** Réttin við stóra steininn.

<sup>3</sup> Örnefnaskrá Borgar.

**Hættumat:** Leið F - Lítil hætta (Kort 4).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

## 5. DYNJANDI

### 5.1 Saga Dynjanda

Fyrstu heimildir um Dynjanda í Arnarfirði eru í skjali frá árinu 1418<sup>4</sup> en á 15. 16. og 17. öld er jörðin Dynjandi mest í eigu ríkismanna sem búsettir voru utan Arnarfjarðar<sup>5</sup>. Dynjandi var að fornu mati 18 hundraða jörð og árið 1847 er jörðin enn 18 hundruð<sup>6</sup> og þá er með talin eyðijörðin Búðavík<sup>2</sup>. Búðavík var hjáleiga frá Dynjanda og er talið að hún hafi verið farin í eyði fyrir 1603. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vítalín segir „...að útgangur sé í betra lagi. Skógur til raftviðar er ennþá bjarglegur, en eyðist þó. En til kolagerðar og eldiviðar ennþá nægur, og brúkar ábúanda átölulaust til búnaðsynja sinna. Torfrista og stúnga er lök og lítt nýtandi. Móscurður til eldiviðar er nægur. Selveiði lítill og varla með hlunnindum teljandi“<sup>7</sup>. Í sóknarlýsingu Rafnseyrarkirkjusóknar 1839 er sagt að bærinn Dynjandi taki „nafn af stórum fjallfossi árinna, sem rennur hjá bænum“<sup>5</sup>. Er þá eflaust átt við að hann steypist ofan af fjallsbrún. Bærinn Dynjandi stóð í nánd við ós árinna þar sem sést í rústir, en síðustu ábúendur fluttu þaðan 1951.<sup>6</sup>

### 5.2. Fornleifar í landi Dynjanda

**Númer:** 1833-5

**Eldra númer:** 205366-7-011

**Sérheiti:** Búðavík

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Rústir

**Staðsetning:** A 307092 N 589768



**Mynd 4.** Fjánhús rústir í Búðavík.

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Þessi hjalli nær heim að vík sem heitir Búðavík, þar var búið endur fyrir löngu fyrir 1650, síðan var þar útræði og einnig beit[...]undir Búðavíkurbökkum er Búðavík sem fyrr getur, það er fögur og sérkennileg vík með bröttum bökkum, sléttum botni og allmiklu aðdýpi. Hér var eins og fyrr segir búið og hér var útræði um tíma, en fjárhús voru komin þar um 1710. Þar sér fyrir

<sup>4</sup> *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. IV:265.*

<sup>5</sup> Kjartan Ólafsson.1999:32.

<sup>6</sup> J. Jhonsen.

<sup>7</sup> Jarðabók Árna og Páls VII.1940:9.

*Búðavíkurtóftum og heldur innar eru aðra tættu sem heita Beitarhúsatættur“.* Á svæðinu eru greinilegar rústir fjárhúsa og garðlag þar framan við einnig er þar rústahólar tveir.

**Minjalýsing:** Fjárhúsið er eitt hólf og hlaðnir garðar til beggja hliða. Rústin er gróin að utan en sér vel í hleðslur inn í henni. Hleðslur eru hæstar um 80 cm. Rústin er 8x6 m að utanmáli og opin fram á fjörðinn til vesturs.

**Hættumat: Leið F** - Lítil hætta vegna leiðar sem liggur mun hærra í landinu en núverandi vegur. Gæta verður að minjum við þungaflutninga um núverandi veg vegna vegagerðar (Kort 5).

**Leið D** - Mikil hætta. Fyllingar eru um 1 m frá rústinni og rústin er 9 m frá miðlínu vegar. Rannsaka þarf minjarnar fari skeringar svo nærri (Kort 5). Rústasvæðið er allt í hættu vegna fyrirhugaðar framkvæmdar.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-6

**Eldra númer:** 205366-7-012

**Sérheiti:** Búðavík

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rústir

**Staðsetning:** A 307096 N 589756



**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Þessi hjalli nær **Mynd 5**. Séð yfir rústir í Búðavík.

*heim að vík sem heitir Búðavík, þar var búið endur fyrir löngu fyrir 1650, síðan var þar útræði og einnig beit[...]. Undir Búðavíkurbökkum er Búðavík sem fyrr getur, það er fögur og sérkennileg vík með bröttum bökkum, sléttum botni og allmiklu aðdýpi. Hér var eins og fyrr segir búið og hér var útræði um tíma, en fjárhús voru þar um 1710. Þar sér fyrir Búðavíkurtóftum og heldur innar aðra tættur sem heita Beitarhúsatættur“<sup>8</sup>. Á svæðinu er greinilegar rústir fjárhúsa og garðlag þar framan við einnig eru þar rústahólar tveir.*

**Minjalýsing:** Fjárhúsið er fast við hlið [1833-5] en aðeins 6 m eru á milli húsanna. Fjárhúsið er tvö hólf því hlaðan er aftan við og einnig gengur veggstubbur til suðurs, hugsanlega leifar af öðru hólfi eða eldri byggingu. Fjárhúsið er opið fram á fjörðinn til vesturs og veggir hæstir um 1 m. Rústin er 10 m á lengd og 5 m á breidd og er mjög greinileg, gróin að utan en sér í hleðslur inn í henni.

<sup>8</sup> Örnefnaskrá Dynjanda.

**Hættumat: Leið F** - Lítil hætta vegna leiðar sem liggur mun hærra í landinu en núverandi vegur. Gæta verður að minjum við þungaflutninga um núverandi veg vegna vegagerðar (Kort 5).

**Leið D - Mikil hætta.** Skeringar fara yfir miðja rústina. Hún er 7 m frá miðlínu vegar. Rannsaka þarf minjarnar í Búðavík verði þessi leið valin (Kort 5).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-7

**Eldra númer:** 205366-7-013

**Sérheiti:** Búðavík

**Hlutverk:** Varnargarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A 307089 N 589749

**Staðhættir:** Í ornefnaskrá segir: „Þessi hjalli nær heim að vík sem heitir Búðavík, þar var búið endur fyrir löngu fyrir 1650, síðan var þar



**Mynd 6.** Garður við fjárhúsin í Búðavík.

útræði og einnig beit[...]undir Búðavíkurbökkum er Búðavík sem fyrr getur, það er fögur og sérkennileg vík með bröttum bökkum, sléttum botni og allmiklu aðdýpi. Hér var eins og fyrr segir búið og hér var útræði um tíma, en fjárhús voru komin þar um 1710. Þar sér fyrir Búðavíkurtóftum og heldur innar eru aðra tættu sem heita Beitarhúsatættur“<sup>9</sup>. Á svæðinu eru greinilegar rústir fjárhúsa og garðlag þar framan við og rústahólar tveir.

**Minjalýsing:** Framan við rústir fjárhúsanna [1833-5,1833-6] er garðlag. Garðurinn hefur hugsanlega verið notaður sem varnargarður vegna ágangi sjávar og er mjög nálægt húsunum sem standa nær alveg í fjöruborðinu. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er 24 m á lengd og um einn m á breidd.

**Hættumat: Leið F** - Lítil hætta vegna leiðar sem liggur mun hærra í landinu en núverandi vegur. Gæta verður að minjum við þungaflutninga um núverandi veg vegna vegagerðar (Kort 5).

**Leið D - Mikil hætta.** Skeringar eru um 8 m frá garðinum og garðurinn er 11 m frá miðlínu. Rannsaka þarf minjarnar fari skeringar svo nærri (Kort 5).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

<sup>9</sup> Ornefnaskrá Dynjanda.

**Númer:** 1833-8

**Eldra númer:** 205366-7-014

**Sérheiti:** Búðavík

**Hlutverk:** Óþekkt/býli ?

**Tegund** Þúst

**Staðsetning:** A 307097 N 589704



**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Þessi hjalli nær heim að vík sem heitir Búðavík, þar var búið endur

**Mynd 7.** Stór rústahóll sem stendur við hlið fjárhúsanna við Búðavík.

fyrir löngu fyrir 1650, síðan var þar útræði og einnig beit[...]undir Búðavíkurbökkum er Búðavík sem fyrr getur, það er fögur og sérkennileg vík með bröttum bökkum, sléttum botni og allmiklu aðdýpi. Hér var eins og fyrr segir búið og hér var útræði um tíma, en fjárhús voru komin þar um 1710. Þar sér fyrir Búðavíkurtóftum og heldur innar eru aðra tættu sem heita Beitarhúsatættur<sup>10</sup>. Á svæðinu eru greinilegar rústir fjárhúsa og garðlag þar framan við og rústahólar tveir.

**Minjalýsing:** Um 45 m suður af fjárhúsum [1833-5,1833-6] er þúst eða rústabunga. Hóllinn er nokkuð hár og sker sig úr umhverfinu í kring og gæti þarna hugsanlega verið staðurinn þar sem býlið stóð. Engar hleðslur eru sjáanlegar en hólarnir bera merki þess að þarna hafa staðið byggingar og greinilegt að hóllinn er mun grænni en umhverfið í kring.

**Hættumat: Leið F** - Lítil hætta vegna leiðar sem liggur mun hærra í landinu en núverandi vegur. Gæta verður að minjum við þungaflutninga um núverandi veg vegna vegagerðar (Kort 5).

**Leið D** - Mikil hætta. Skeringar eru um 1 metra frá rústahólnum og hóllinn er 9 metra frá miðlínu. Rannsaka þarf minjarnar fari skeringar svo nærri (Kort 5).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-48

**Hlutverk:** Vegvísun

**Tegund:** Varða

---

<sup>10</sup> Örnefnaskrá Dynjanda.

**Staðsetning:** A 307195 N 589663

**Staðhættir:** Ofan við Búðavík eru háir klettur og ofan á þeim er varða.

**Minjalýsing:** Varðan er um 1 m á hæð. Ef verður af leið F er varðan alveg við tengiveg sem fyrirhugaður er að Dynjanda.

**Hættumat: Leið F - Mikil hætta** vegna tengivegar við leið F. Leyfi þarf til að fjarlægja (Kort 5).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-9

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A 308018 N 589887

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Þá er komið að Seljabrekkum sem voru mikið slæggjuland. Í þeim miðjum eru seltættur, sem nefnast Sel. Af Seljahólum sést fyrnst í selið. Það er að giska 2 km frá bæ. Ekki er vitað hvenær haft var síðast þar í seli. Seljabrekkur eru einskonar hvolf, sem liggur niður á svokallaðar Eyrar. Þær voru aðeins nefndar norðan við ánnu. Þar renna niður í á Seljalækir sem eru framanvert við selið“<sup>11</sup>.



**Mynd 8.** Selið er ekki greinilegt en það stendur við Seljalæki.

**Minjalýsing:** Selið er um 1700 m frá bæ og passar rústin vel við lýsingar á staðsetningunni í örnefnaskrá. Selið er við á sem skiptist í tvær ár ofan við selið líklega svokallaðir Seljalækir. Selið er um 3 metra frá ánni. Selið er mikið gróið og ekki sér í hleðslur en sér móta fyrir útgangi út að ánni. Gróður á rústinni er annar en á umhverfinu í kring.

**Hættumat: Leið F** – meira en 100 m frá rústinni (Kort 5).

**Leið D** – lítil hætta en fyllingar eru 72 m frá rústinni. Merkja þarf rústina ef leið D verður fyrir valinu (Kort 5).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

<sup>11</sup> Örnefnaskrá Dynjanda.

**Númer:** 1833-10

**Eldra númer:** 205366-7-034

**Sérheiti:** Ingveldarurð

**Hlutverk:** Heimild um býli/þjóðsaga

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A 308863 N 589781

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Næst þar fyrir framan er mikil skriða sem hefur komið að austanverðu út fjallinu og nær niður að á. Hún er farin að gróa. Upp af henni er Ingveldarurð. Sagan segir að, þar hafi búið kerling, Ingveldur að nafni. Hún mátti veiða í Kotlæk í Borgarlandi en kerling, sem bjó í koti mátti hafa sauðagöngu þarna. Þær urðu ósáttar, því Ingveldi fannst beitt of mikið úr landi sínu. Lögðu þær á hvor aðra að veiði hyrfi úr læknum og skriða félli á bæ Ingveldar“<sup>12</sup>.

**Minjalýsing:** Skriðan er mikil og hæglega gæti kot hafa verið fært í kaf undir henni. Engin merki sjást um bæjarstæði við skriðuna.

**Hættumat: Leið F** - Lítil hætta. Ólíklegt að býli sé undir urðinni.

**Leið D** – Engin hætta.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-11

**Eldra númer:** 205366-7-030

**Sérheiti:** Svíðningsdalur/Dynjandisdalur /Afrétardalur

**Hlutverk:** Heimild um kolagerð

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A 307605 N 589013

---

<sup>12</sup> Örnefnaskrá Dynjanda.

**Staðhættir:** Í Örnefnaskrá segir: „Hún [Svína] rennur niður í Dynjandisdal. AG getur þess, að í Sóknarlýsingu Bókmenntafélagsins 1939 sé þessi dalur nefndir Sviðningsdalur og muni nafnið hafa verið dregið af kolabrennslu“<sup>13</sup>.

**Minjalýsing:** Ekki fundust neinar minjar um kolagrafir í Sviðningsdal/ Dynjandisdal en svæðið er nokkuð vaxið kjarri.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Númer:** 1833-12

**Eldra númer:** 205366-7-037

**Hlutverk:** Heimild um samkomustað

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A 309754 N 589570

**Staðhættir:** Þegar komið er upp brekkuna á leið upp á Dynjandisheiði er á hægri hönd aftan við vatn svokallaður samkomuhóll. Í Örnefnaskrá segir

„Svína rennur í gegn um vatnið, þar er við hól sem heitir Samkomuhóll. Það er snýtumyndaður hól á merkjum á móti Borg. Þar munu hafa verið götutroðningar og AG segir að þingreiðarvegurinn hafði legið þarna áður fyrr“<sup>14</sup>.

**Minjalýsing:** Lýsingin passar við þá leið sem skráð var nokkuð neðar.

**Hættumat:** Leið F- Lítil hættu.

**Leið D-** Engin hættu.



**Mynd 9.** Svæðið þar sem Samkomuhóll stendur.

## 6. TROSTANSFJÖRÐUR

### 6.1 Saga Trostansfjarðar

Líklega er Torstansfjörður nefndur eftir skoskum dýrlingi sem nefndur var Drostan. Trúlegt verður að telja að kristnir menn í hópi landnema hafi valið nafnið á Trostansfirði sem og Patreksfirði en Patrekur var írskur dýrlingur. Trostan var á hinn bóginn einkum dýrkaður í Austur-Skotlandi, en Trostanseyja er og til á Suðureyjum, en þaðan komu margir landnámsmanna<sup>15</sup>. Kirkju er getið í Trostansfirði árið

<sup>13</sup> Örnefnaskrá Dynjanda.

<sup>14</sup> Örnefnaskrá Dynjanda.

<sup>15</sup> Morgunblaðið 10.06.2001. 120 tdl.



1200 í kirknaskrá Páls biskups<sup>16</sup>. Mikill skógur hefur verið í Trostansfirði því nokkrar kirkjur eiga þar skógartök árið 1324<sup>17</sup>. Í jarðabók Árna og Páls frá 1710 er sagt að skógur til raftviða sé ennþá bjarglegur, en til kolagjörðar og eldiviðar nægur. Þar segir jafnframt að ábúendur selji kol til annarra<sup>18</sup>.

## 6.2 Fornleifar í landi Trostansfjarðar

**Númer: 1833-13**

**Tegund:** Varða

**Hlutverk:** Vegvísun

**Staðsetning:** A 298249 N 575243

**Staðhættir:** Í Trostansfirði þar sem vegurinn kemur niður með Norðdal eru vörður sem eru hluti af varðaðri leið þar niður.

**Minjalýsing:** Varðan stendur á kletti sem hækkar hana töluvert. Varðan er um 1,8 m á hæð.

**Hættumat: Leið X** – Lítil hætta 30 m frá skeringum

(kort 6a).

**Leið Z** – Lítil hætta 30 m frá skeringum\_ (kort 6b).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer: 1833-14**

**Tegund:** Varða

**Hlutverk:** Vegvísun

**Staðsetning:** A 298214 N 575258

**Staðhættir:** Í Trostansfirði þar sem vegurinn kemur niður með Norðdal eru vörður sem eru hluti af varðaðri



**Mynd 10.** Varðan er hlaðin ofan á stóran stein.



**Mynd 11.** Varðan er lægri en varðan við hliðina.

<sup>16</sup> *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn*. 1:9.

<sup>17</sup> <http://www.kirkjan.net/efni/kirkjur/bardastr.htm>.

<sup>18</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín VII.1981:384.

leið.

**Minjalýsing:** Varðan er um 15 m frá [1833-13] og er nokkuð lægri eða um 1,2 m.

**Hættumat: Leið X - Mikil hætta.** Lendir undir skeringu (kort 6a).

**Leið Z - Mikil hætta** (kort 6b). Lendir alveg við skeringu

**Hættuorsök:** Vegagerð.


**Númer: 1833-15**

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Fjánhús með hlöðu

**Staðsetning:** A 298047 N 575809

**Staðhættir:** Túnið neðan við veg sem liggur að jörðinni Trostansfirði er kallað Fjánhúsátún og þar stóðu fjárhúsin. Þar standa þrjú hús efst í túninu og svo eru stærri og yngri fjárhús neðar. Líklegt verður að telja að efri húsin séu fjárhús þó þau séu minni. Í örnefnalýsingu segir „Runkatóftir efst á fjárhúsátúni“ mögulega eru



**Teikning 2.** Fjánhús með hlöðu.

þessi litlu hús umræddar Runkatóftir.

**Minjalýsing:** Stutt er á milli húsanna og virðast þau tengd með litlu garðlagi sem mögulega gæti verið upphlaðinn slóði milli húsa. Efsta (nyrsta) húsið er frekar lítið hús. Húsið er 8 m á lengd og 6 m á breidd. Húsið er eitt hólf. Hleðslur eru hæstar um 40 cm.

**Hættumat: Leið X - Lítil hætta.** Rústin er 107 metra utan við ystu skeringar (kort 6a).

**Leið Z - Lítil hætta.** Liggur ofar í landinu en leið X (kort 6b).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer: 1833-16****Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Fjánhús með hlöðu**Staðsetning:** A 298036 N 575844

**Staðhættir:** Túnið neðan við veg sem liggur að jörðinni Trostansfirði er kallað *Fjánhúsátún* og þar stóðu fjárhúsin. Þar standa þrjú hús efst í túninu og svo eru stærri og yngri fjárhús neðar. Líklegt verður að telja að efri húsin séu fjárhús þó þau séu minni. Í örnefnalýsingu segir:

„*Runkatóftir efst á fjánhúsátúni*“<sup>19</sup>. **Teikning 3.** Teikning af fjárhúsinu.


Mögulega eru þessi litlu hús umræddar Runkatóftir.

**Minjalýsing:** Stutt er á milli húsanna og virðast þau tengd með litlu garðlagi sem mögulega gæti verið upphlaðinn slóði milli húsa. Fjánhúsið er í miðju þessara þriggja húsa. Húsið er 8 m á lengd og 6 m á breidd. Það er tvö hólf og er það aftara líklega hlaða. Innangengt er á milli rýma. Hleðslur eru hæstar um 40 cm.


**Hættumat: Leið X** – Engin hætta (kort 6a).

**Leið Z** – Enginn hætta. Rústin er 94 m frá ystu línu skeringa (kort 6b).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer: 1833-17****Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Fjánhús og hlaða**Staðsetning:** A 298040 N 575783

**Staðhættir:** Túnið er staðsett neðan við veg sem liggur að jörðinni Trostansfirði er kallað *Fjánhúsátún* og þar stóðu fjárhúsin. Þar standa þrjú hús efst í túninu og svo eru stærri og yngri fjárhús neðar. Líklegt verður að



**Teikning 4.** Fjánhúsið er lítið með hlöðu aftan við.

<sup>19</sup> Örnefnaskrá Trostansfjarðar.

telja að efri húsin séu fjárhús þó þau séu minni. Í örnefnalýsingu segir: „*Runkatóftir efst á fjárhúsatúni*“.<sup>20</sup> Mögulega eru þessi litlu hús umræddar Runkatóftir.

**Minjalýsing:** Fjárhúsið sem er neðst í röð þessara litlu húsa er tvö rými og er annað þeirra hlaða. Ekki virðist hafa verið innangengt á milli rýma. Húsið er 9 m á lengd og 6 m á breidd og eru hleðslur um 30-40 cm.

**Hættumat: Leið X** – Engin hætta. Rústin er meira en 100 m frá ystu línu fyllinga á veglínu X (kort 6a).

**Leið Z** - Engin hætta. Rústin er meira en 100 m frá ystu línu fyllinga á báðum veglínu Z (kort 6b).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer: 1833-18**

**Tegund:** Rétt

**Hlutverk:** Rúst

**Staðsetning:** A 298135 N 576005

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „*Trostansfjarðarrétt er hlaðin upp við kletta, sunnan megin við Bóllæk. Hún var fjárheld 1980*“<sup>21</sup>.

**Minjalýsing:** Ofan við veginn sem liggur inn í Norðdal og ofan við bæjarstæði Trostansfjarðar eru klettur í kjarri. Þar er grjóthlaðin fjárrétt og smá tún framan við. Kjarr er nú óðum að hylja þetta svæði. Réttin er ógróin og er hæst 1,2 m. Réttin er 10 m á lengd og 5 m á breidd og mynda klettarnir hluta hennar. Réttin er tvö hólfi.

**Hættumat:**

**Leið X** – Lítil hætta. Réttin er samt sem áður aðeins um 30 m neðan við ystu fyllingar á leið X (kort 6a).

**Leið Z** - Hætta. Réttin er aðeins 8 m frá ystu vegskeringum á leið Z. Þar sem réttin er neðan við kletta og vegskeringin er ofar þá er ólíklegt að vegaf framkvæmdir skemmi réttina þrátt fyrir nálægð. Merkja þarf réttina engu að síður (kort 6b).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

<sup>20</sup> Örnefnaskrá Trostansfjarðar.

<sup>21</sup> Örnefnaskrá Torstansfjarðar. Kristján Pálsson 1981. Viðbætur.

**Númer:** 1833-19

**Tegund:** Hleðsla

**Hlutverk:** Óþekkt

**Staðsetning:** A 296684 N 576595

**Staðhættir:** Í vestanverðum Trostansfirði ekki langt frá fjarðarbotninum er grjóthleðsla. Hleðslan er niðri í fjöru og er líklega landamerkjagarður. Garðurinn er hlaðinn úr sæbörðu grjóti úr fjörunni.



**Mynd 12.** Garðlagið liggur alveg niður að sjó.

**Minjalýsing:** Hleðslan er 27 m á lengd. Breidd 2 m og mesta hæð 1 m.

**Hættumat:** Leið X - Lítil hættu (Kort 6a).

Leið Z – Engin hættu (Kort 6b).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

## 7. REYKJARFJÖRÐUR

### 7.1 Saga Reykjarfjarðar

Geirþjófur Valþjófsson nam land í Arnarfirði, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð, og bjó í Geirþjófsfirði<sup>22</sup>. Kirkju er getið í kirknaskrá Páls biskups árið 1200<sup>23</sup>. Í Jarðabók Árna og Páls segir að í Reykjarfirði hafi verið bænús og þar sjáist hús eitt við bæinn með girðingu í kring ekki ólíkri kirkjugarðsleifum. Þar segir einnig að túninu sé skipt á milli fjögurra bæja sem allir standa í sama túninu.<sup>24</sup> Auk Reykjarfjarðar voru þetta bæirnir: Miðhús, Hverahús og Fremrihús<sup>25</sup>.

### 7.2 Fornleifaskráning Reykjarfjarðar

**Númer:** 1833-20

**Tegund:** Hleðsla

**Hlutverk:** Hlað/fjárborg

**Staðsetning:** A 294391 N 578041


**Staðhættir:** Á lítilli flatrí eyri neðan við þjóðveginn austan megin í Reykjarfirði er hringlaga hleðsla. Í örnefnaskrá segir: „en innan við þessa volgu læki gengur grastangi fram í sjó sem heitir Skeleyri, hún er nálægt, miðju Skeleyrarhlíð“. „Á Skeleyri er gamalt Hlað“<sup>26</sup>.

**Minjalýsing:** Hleðslan er hringlaga og alveg gróin þó sjái í hleðslur á stöku stað. Á Vestfjörðum er þessi tegund rústa kölluð *Hlað* og eru líklega hringlaga fjárborgir eða réttir. Op er á réttinni í átt til fjalls eða austurs. Hleðslur eru nokkuð útflattar og eru 4 m á breidd vegna þess að þær hafa fallið og eru grónar. Hleðslur eru hæstar um 1 m á hæð. Breidd fjárborgarinnar er 13 m og lengd 13 m. Ummál hringins er 43 m.

**Hættumat:** Leið X - Mikil hætta. Rústin er um 18 m



**Mynd 13.** Hringlaga fjárborg sem kallast Hlað á Vestfjörðum.



**Teikning 5.** Innmæling af Hlaðinu.

<sup>22</sup> Landnáma 47. Kaffli.

<https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>.

<sup>23</sup> Íslenst fornbréfasafn.

<sup>24</sup> Jarðabók Árna og Páls VII.1981:383.

<sup>25</sup> Jarðabók Árna og Páls VII.1981:383.

<sup>26</sup> Örnefnefnaskrá Reykjarfjarðar.

frá ystu mörkum vegaf framkvæmdanna. Mjög mikilvægt að merkja og girða rústina af (kort 7).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-21

**Tegund:** Hleðsla

**Hlutverk:** Óþekkt/kuml ?

**Staðsetning:** A 294351 N 578088

**Staðhættir:** Um 60 m norðvestur af Hlaðinu[14] nokkuð nálægt sjó á Skeleyri er hleðsla.

**Minjalýsing:** Hleðslan er 3,5 m á lengd og 2,5 m á breidd. Þykkt hleðslu er um 1 m. Um er að ræða ílanga hleðslu sem minnir um margt á þær steinsetningar sem fundist hafa við sum kuml á Íslandi. Ef um kuml er að ræða hefur það líklega verið brotið þar sem virðist sem grafið hafi verið í miðju þess. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvaða tilgangi þetta mannvirki hefur þjónað annað en kuml en það er greinilega manngert.

Hugsanlega gæti þetta hafa verið lambkró en þó væri hún frekar langt frá fjárborginni.

**Hættumat:** Leið X- Hætta (kort 7).

**Hættuorsök:** Vegaf framkvæmdir.

**Númer:** 1833-22

**Tegund:** Vegur

**Hlutverk:** Samgöngubót

**Staðsetning:** A 294448 N 578065

**Staðhættir:** Á Skeleyri liggur vegur sem virðist liggja niður brekkuna neðan við núverandi þjóðveg og á ská niður að sjó.

**Minjalýsing:** Vegurinn er alveg gróinn og greinilega upphlaðinn. Breidd hans bendir til að hann hafi verið gerður fyrir bifreiðar. Líklega er ekki um fornleifar að ræða.



**Mynd 14.** Greinileg sporöskjuleg hleðsla en tilgangur er óþekktur en umgjörð minnir á raskað kuml.



**Mynd 15.** Upphlaðin vegur niður af sjónum.

**Hættumat: Leið X** - Mikil hætta (kort 7).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-23

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Útihús

**Staðsetning:** A 294289 N 576785



**Staðhættir:** Um 25 m frá norð-austur horni **Teikning 6**. Rúst af útihúsi rétt við veginn. sundlaugarinnar í Reykjarfirði eru grænar þústir sem líklega eru rúst.

**Minjalýsing:** Rústin hefur tvö samsíða hólf. Hleðslur eru grónar og um 30 cm á hæð. Rústin er 4 m á lengd og 10 m á breidd og hluti af henni hefur verið rofinn við vegagerð.

**Hættumat: Leið X** - Engin hætta.

**Leið Y - Mikil hætta.** Rústin er mjög nálægt skeringum á veglínu Y eða 3,5 m. Rannsaka þarf rústina en mögulega ætti að sleppa sé hún girt af á framkvæmdatíma (kort 7).

**Hættuorsök:** Vegagerð.



**Mynd 16.** Ljósmynd af rústunum tekin frá veginum.



**Númer: 1833-24****Tegund:** Hús**Hlutverk:** Útihús**Staðsetning:** A 294184 N 576771

**Staðhættir:** Rétt við núverandi veg um Reykjarfjörð þar sem hann liggur fram hjá sundlauginni er lítill afgirtur túnblettur og í horni hans stendur lítið torfhús.



**Minjalýsing:** Húsið er undir torfþaki og er 7 m á lengd og 5 m á breidd. Lítil hurð er á framhlið hússins sem snýr í austur. Ekki náðist í ábúanda til að greina frá notkun hússins en það er útihús af einhverju tagi. Þar sem húsið er heilt er ekki víst að það sé svo gamalt en gæti hafa verið endurbyggt á gömlum grunni.

**Mynd 17.** Húsið sem stendur í horni túnsins.

**Hættumat: Leið X** – Engin hætta.

**Leið Y-** Lítil hætta. Húsið er 35 m frá ystu skeringu og 48 m frá miðlínu veglínu Y. Lítil hætta á að framkvæmdir neðan núverandi vegar hafi mikil áhrif á minjar ofan við hann (kort 7).

**Hættuorsök:** Vegagerð.**Númer: 1833-25****Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Túngarður**Staðsetning:** A 294448 N 578065

**Staðhættir:** Utan um húsið er lítið tún sem girt er af. Undir girðingunni er hleðsla úr grjóti sem líklega er ekki garður heldur undirstaða undir girðingu.

**Minjalýsing:** Hleðslan er 147 m og er undir girðingu.

**Hættumat: Leið X** – Engin hætta.

**Leið Y** - Lítil hætta. Garðlagið er 26 m frá vegskeringu. Lítil hætta á að framkvæmdir neðan núverandi vegar hafi mikil áhrif á minjar ofan við hann (kort 7).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-47

**Tegund:** Náma

**Hlutverk:** Mógrafir

**Staðsetning:** A 293893 N 57678

**Staðhættir:** Í botni Reykjarfjarðar vestanmegin við árósin ofan við núverandi veg eru grónar mógrafir.

**Minjalýsing:** Grafirnar liggja saman og eru misdjúpar og vel grónar. Stærð svæðisins er 57 x 50 m.

**Hættumat:** Leið X – Lítil hætta.

**Leið Y -Mikil hætta.** Vegskeringar eru 3 m við kolagrafirnar (kort 7).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

## 8. FOSS

### 8.1 Saga Foss

Geirþjófur Valþjófsson nam land í Arnarfirði, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð, og bjó í Geirþjófsfirði<sup>27</sup>. Þegar Jarðabók Árna og Páls er skrifuð um 1710 er tvíbýli á Fossi og er helmingur jarðarinnar í eigu kirkjunnar í Otradal. Skógur til kolagjörðar og eldiviðar er nægur<sup>28</sup>.

### 8.2 Fornleifar í landi Foss

**Númer:** 1833-26


**Tegund:** Þúst/rúst ?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Staðsetning:** A 292291 N 577227

**Staðhættir:** Alveg niður við sjó í austanverðum Fossfirði þar sem mjög bratt er frá vegi og niður að sjó er þúst.

**Minjalýsing:** Þúst þessi er mun grænni en umhverfið í kring. Dæld er í henni sem gæti bent til þess að þetta sé gömul rúst sem er þá líklega beitarhús.



**Teikning 7.**

<sup>27</sup> Landnáma 47. Kafli.

<https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>.

<sup>28</sup> Jarðabók Árna og Páls Víталín VII. 1981:382.

**Hættumat:** Leið X - Hætta. 28 m frá vegskeringum (kort 8).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-27

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Sel

**Staðsetning:** A 291531 N 575494


**Staðhættir:** Í austanverðum Fossfirði um 1,2 km norður af bænum Fossi er gamalt sel. Selið stendur á litlu túni rétt neðan við núverandi þjóðveg. Þar er nú



gamalt timburhús eða sumarbústaður frá því um **Mynd 18.** Selið í Fossfirði.

1970. Í örnefnaskrá segir: „Selskógur í honum eru gamlar seltóftir“<sup>29</sup>. Í Íslenskum þjóðháttum eftir Jónas frá Hrafnagili segir: „selin voru venjulega þrjú hús: Mjólkurhús, og selbaðstofa og eldhús til hliðar eða frálaust. Oft var og selið í beitarhúsum ef þau voru langt frá bæjum. Kvíar voru og til að mjalta ærnar og kofi handa kúm, ef þær voru hafðar í selinu“<sup>30</sup>. Sel voru einskonar útbú frá bæjum. Þangað voru mjólkandi skepnur reknar og hafðar yfir sumarið, aðallega ær og stundum kýr<sup>31</sup>.

**Minjalýsing:** Selið stendur á litlu túni og þar má sjá selrústina sjálfa, auk garðs og annarrar minni rústar. Selið er tvö hólf. Annað hólf er snýr í austur vestur og er opið í átt að firði og er ílangt. Aftan við það er svo hleðsla sem ekki er hægt að gera sér grein fyrir hvaða tilgangi hefur þjónað. Við hlið ílanga rýmisins er annað sem snýr í norður suður og er sambyggt hinu. Þar er líka inngangur í átt að firði. Selið er mjög dæmigert að stærð og hefur að öllum líkindum verið frá Fossi. Ílanga hólf er 12 m á lengd og 8 m á breidd. Hæð veggja er hæst um 70 cm. Hólf er við hliðina er 9 m á lengd og 6 m á breidd. Hleðslan aftan við rústina er 4 m á lengd.



**Teikning 8.** Teikning af selinu sem er tvíhólfa.

**Hættumat:** Leið X - Mikil hætta. Skeringar á leið X eru 6,3 m

<sup>29</sup> Örnefnaskrá Foss.

<sup>30</sup> Jónas Jónasson. 1934.[2011]:62.

<sup>31</sup> Birna Lárusdóttir.2012:238.

frá ystu mörkum minja. Aðeins 17 m eru frá miðlínu leiðar X í minjar. Rannsóknir æskilegar eða mjög rammgerð girðing en mikil hættu á að rústin skemmist við vegaf framkvæmdir (kort 8).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-28

**Tegund:** Garðlag

**Hlutverk:** Túngarður

**Staðsetning:** A 291516 N 575509

**Staðhættir:** Fast við selrústina er túngarður sem hefur líklega verið í kring um selið til að halda fé við það eða utan við það. Líklega var féð haft inn í garðinum við selið þegar verið var að mjólka það.



**Mynd 19.** Mynd af garðlaginu sem er mjög útflatt.

**Minjalýsing:** Tvær hliðar af garðinum eru vel sjáanlegar og liggur hann frá öðru rými selsins í vestur og beygir svo í suður, garðurinn endar svo við lita rúst. Líklegt er að garðurinn hafi verið lengri en hluti af honum hafi verið fjarlægður. Garðurinn er greinilega nokkuð forn og er hann mjög útflattur og er breidd hans um 2 m. Garðurinn er algróinn. Samanlögð lengd hans er 72 m. Líklegt er að hleðsla sem lýst er aftan við selið sé hluti af túngarðinum og garðurinn hlaðinn að selinu á tvo vegu.

**Hættumat:** Leið X - Mikil hættu. Aðeins 11 m eru frá ystu mörkum skeringa á leið X að túngarði þar sem hann er næst vegi (kort 8).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-29

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Sel


**Staðsetning:** A 291515 N 575475

**Staðhættir:** Í austanverðum Fossfirði um 1,2 km norður af bænum Fossi er gamalt sel. Selið stendur á litlu túni rétt neðan við núverandi þjóðveg. Þar er nú gamalt timburhús eða sumarbústaður frá því um 1970. Í örnefnaskrá segir: „Selskógur í honum eru



**Mynd 20.** Rúst sem tengist selinu.

*gamla seltóftir*<sup>32</sup>. Um 18 m suð- vestur af selinu er lítið hús sem er hluti að selstöðunni. Garðlagið sem liggur í kring um selið liggur alveg að þessu húsi. Inngangur í húsið er í suður og hefur verið hægt að fara í húsið utan garðsins sem lá í kring um selið. Hugsanlega er þetta hús eða kofi fyrir kýr sem stundum voru hafðar í seli eða mögulega er þetta eldhús frá selinu. Í *Íslenskum þjóðháttum* eftir Jónas frá Hrafnagili segir: „selin voru venjulega þrjú hús: mjólkurhús, og selbaðstofa og eldhús til hliðar eða frálaust. Oft var og selið í beitarrúsum ef þau voru langt frá bæjum. Kvíar voru og til að mjalta ærnar og kofi handa kúm, ef þær voru hafðar í selinu“<sup>33</sup>.



**Teikning 9.** Teikning af rústinni.

**Minjalýsing:** Rústin er 7 m á lengd og 10 m á breidd og er hún algróin. Rústin er opin í suður. Hæð hleðsla er 30-40 cm. Garðlagið er á tvo vegu í kring um selið og hefur líklega áður myndað hring.

**Hættumat: Leið X** – Hætta. 31 m eru frá vegskeringum að rúst (kort 8).

**Hættuorsök:** Vegaf framkvæmdir.

**Númer: 1833-30**

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Naust

**Staðsetning:** A 290731 N 574843

**Staðhættir:** Beint framan við bæinn Foss alveg niður við fjöru fast við veginn um fjörðinn er naust.

**Minjalýsing:** Naustið er grjóthlaðið og er 7 m á lengd og 5 m á breidd, hleðslur eru 40 cm á hæð og er rústin hálf full af sjárvarmöl.

**Hættumat: Leið X** – Hætta. Rústin er 29 m frá vegskeringum. Þarf að merkja (kort 8).




**Mynd 21.** Naustið hefur fyllst af sjárvarmöl.

<sup>32</sup> Örnefnaskrá Foss.

<sup>33</sup> Jónas Jónasson. 1934.[2011]:62.

**Hættuorsök:** Vegaf framkvæmdir.



**Teikning 10.** Teikning af naustinu.

## 9. DUFANSDALUR

### 9.1 Saga Dufansdals

Örn hét maður ágætur; hann var frændi Geirmundar heljarskinns; hann fór af Rogalandi fyrir ofríki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svo vítt sem hann vildi; hann sat um veturinn á Tjaldanesi, því að þar gekk eigi sól af um skammdegi. Ánn rauðfeldur, son Gríms loðinkinna úr Hrafnistu og son Helgu dóttur Ánar bogsveigis, varð missáttur við Harald konung hinn hárfagra og fór því úr landi í vesturvíking; hann herjaði á Írland og fékk þar Grélaðar dóttur Bjartmars jarls. Þau fóru til Íslands og komu í Arnarfjörð vetri síðar en Örn. Ánn var hinn fyrsta vetur í Dufansdal; þar þótti Grélöðu illa ilmað úr jörðu. Örn spurði til Hámundar heljarskinns frænda síns norður í Eyjafirði, og fýstist hann þangað; því seldi hann Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness og Stapa. Ánn gerði bú á Eyri; þar þótti Grélöðu hunangsilmur úr grasi. Dufann var leysingi Ánar; hann bjó eftir í Dufansdal.<sup>34</sup> Í Jarðabók Árna og Páls segir að bænhús hafi verið í Dufansdal að fornu og er það fallið fyrir manna minni en þó sjáist til kirkjugarðsleifa. Þar segir jafnframt að í Dufansdal séu þrjár bæir sem allir eru jafnir að dýrleika, beri sama nafn og séu innan garða.<sup>35</sup>

<sup>34</sup> Landnáma 47. Kaffli.

<https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>.

<sup>35</sup> Jarðabók Árna og Páls Víталín VII. 1981:380-381.

## 9.2 Fornleifar í landi Dufansdals

**Númer:** 1833-31

**Sérheiti:** Ánargerði

**Tegund:** Hleðsla

**Hlutverk:** Akurgerði ?

**Staðhættir:** Þar sem Dufansdalsá rennur til sjávar eru sléttir bakkar eða melholt. Þar er að finna gerði sem virðist vera mjög fornt. Stærð þess bendir ekki til að um sé að ræða gerði fyrir fé heldur er þetta eitthvað stærra. Í örnefnaskrá segir: „fyrir ofan naustin er fornt gerði, heitir það Ánargerði og er sagt vera akurgerði Áns Rauðfeldar“<sup>36</sup>.



**Mynd 22.** Hleðslur gerðisins eru mjög útflattar og greinilega fornar.

**Minjalýsing:** Gerðið er greinilega mjög gamalt og hefur blásið nokkuð upp. Stærð þess er 58 m á lengd og 46 m á breidd. Ummál þess er 194 m. Veggir eru mjög útflattir.

**Hættumat: Leið X - Mikil hættu.** Skeringar eru alveg við horn gerðisins. Líklega er um að ræða mjög fornt akurgerði sem er einstakt. Aldursgreiningar eru erfiðar þar sem gjóskulög vantar. Hægt er að freista þess að taka sýni inn í gerðinu til að staðfesta að um sé að ræða akurgerði og aldurgreina möguleg fræ.

Mjög mikilvægt er að gríða svæðið þar sem gerðið stendur af á meðan framkvæmdum stendur eða fara í frekari aðgerðir til að vernda gerðið. (kort 9). Gæti einnig verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið. Mikilvægt er að fornleifafræðingur sé hafður með þegar þessar minjar eru merktar.

<sup>36</sup> Örnefnaskrá Dufansdals.

**Hættuorsök:** Vegagerð.



**Teikning 11.** Horn gerðisins er alveg við skeringar mjög mikilvægt er að vernda gerðið á framkvæmdatíma.



**Númer: 1833-32**

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Naust

**Staðsetning:** A 289919 N 576938


**Staðhættir:** Niður við árós þar sem Dufansdalsá kemur til sjávar er malarkambur. Um 200 m suður af mannvirkjum sem tengjast fiskeldi í firðinum eru nokkur naust. Í Örnefnaskrá

Dufansdals segir: „Við árósinn eru forn mannviki, sem talin eru hróf tveggja skipa Áns Rauðfeldar“<sup>37</sup>.

**Minjalýsing:** Þrjú greinileg naust standa hlið við hlið. Naustin hafa öll sitt hvort númerið og eru skráð hér frá norð-vestur til suðurs-austurs en það er langhliðar þeirra í þá átt. Fyrsta naustið er minnst og stendur sér en fast við næsta. Naustið stendur fast við vegslóða sem liggur niður í fjöruna. Naustið er algróið og eru veggir um 30-40 cm á hæð. Utanmál naustsins eru 9 m á lengd og 5



**Mynd 23.** Fyrsta naustið af þremur í röð.



**Teikning 12.** Hvíta örin bendir á rétt naust [1833-32].

m á breidd. Innanmál naustsins eru 6 m á lengd og 2 m á breidd. Naustið er greinilega gamalt.

**Hættumat: Leið X** – Lítil ætta (kort 9). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer: 1833-33**

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Naust

**Staðsetning:** A 289920 N 576929

**Staðhættir:** Niður við árós þar sem Dufansdalsá



**Mynd 24.** Stærsta naustið [1833-33] er um 15 m á lengd.

<sup>37</sup> Örnefnaskrá Dufansdals.

kemur til sjávar er malarkambur. Um 200 m suður af mannvirkjum sem tengjast fiskeldi í firðinum eru nokkur naust. Í Örnefnaskrá Dufansdals segir: „Við árósinu eru forn mannviki, sem talin eru hróf tveggja skipa Áns Rauðfeldar“<sup>38</sup>. Fast við naust [32] er annað sem er nokkuð stærra.

**Minjalýsing:** Naustið er stærst þeirra nausta sem standa þarna á eyrinni. Naustið er að utanmáli 15 m á lengd og 5 m á breidd. Innanmálið er 12 m á lengd og 2 á breidd. Hæð veggja er 1 m og sér í hleðslur en rústin er að mestu gróin. Greinilegt að þarna var geymdur frekar stór bátur.

**Hættumat: Leið X** - Lítil hætta (kort 9). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer: 1833-34**

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Naust

**Staðsetning:** A 289925N 576926

**Staðhættir:** Niður við árósu þar sem Dufansdalsá kemur til sjávar er malarkambur. Um 200 m suður af mannvirkjum sem tengjast fiskeldi í firðinum eru nokkur naust. Í Örnefnaskrá Dufansdals segir: „Við árósinu eru forn mannviki, sem talin eru hróf tveggja skipa Áns Rauðfeldar“<sup>39</sup>.

**Minjalýsing:** Þriðja naustið í röðinni stendur alveg fast við stóra naustið [24] og er ekki hægt að greina bil á milli veggja þessara nausta. Naustið virðist hafa verið jafn stórt og stóra naustið við hliðina en hefur verið minnkað síðar. Upphafleg stærð þess hefur verið 15 m á lengd og er annar veggurinn 15 m. Veggurinn á móti er ógreinilegri þar en hann hefur greinilega líka verið 15 m upphaflega. Síðan hefur naustið verið minnkað og



**Mynd 25.** Naust [1833-34] hefur líklega verið stærra en minnkað síðar.



**Teikning 13.** Teikningin sýnir legu naustanna og númer.

<sup>38</sup> Örnefnaskrá Dufansdals.

<sup>39</sup> Örnefnaskrá Dufansdals.

endurhlaðið. Yngri fasinn er greinilegur og sér vel í hleðslurnar innan í naustinu. Stærð síðari fasa er 11 m á lengd og 5 m á breidd. Hæð veggja er 1 m.

**Hættumat: Leið X** - Lítil hættu (kort 9). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:1833-35**

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Óþekkt/bústaður ?

**Staðsetning:** A 289931 N 576915

**Staðhættir:** Um átta metra frá naustunum er ferhyrnd rúst.



**Minjalýsing:** Í viðbótum við örnefnaskrá Dufansdals segir: „Við naust er tóft, sem nefnd er Gaddatóft. Þar átti heima einsetumaður um og eftir síðustu aldamót. Maður þessi hér Jón og að viðurnefni Gaddur, og man ég ekki til að ég heyrði föður nafn hans. Hann mun hafa talist til þeirra, sem nefndir eru kynlegir kvistir“<sup>40</sup>.

**Mynd 26.** Líklega er rúst [1833-35] Gadda tóft þar sem einsetumaður bjó.

Rústin er með hurðaopi sem snýr í átt að naustum en ekki fram að sjónum eins og naustin. Rústin er 8x6 m að utan máli en veggir eru mikið fallnir inn í rústinni svo innanmál er óverulegt í dag eða 3x1 m. Veggir eru hæstir um 1,2 m og sér í grjóthleðslur í rústinni. Ekki er ólíklegt að þetta sé Gaddatóft þar sem hleðslur virðast vera mun yngri en naustin.

**Hættumat: Leið X** - Lítil Hættu (kort 9). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

<sup>40</sup> Viðbót við örnefnaskrá Dufansdals.

**Númer: 1833-36****Tegund:** Rúst**Hlutverk:** óþekkt**Staðsetning:** A 289941 N 576917**Staðhættir:** Fast við hlið rústar [35] er önnur rúst.**Minjalýsing:** Rústin er 6 m á lengd og 5 m á breidd. Hæð veggja er 50-80 cm og sér í grjót í rústinni sem

er að mestu gróin. Gæti verið hluti af rústinni við hliðina sem er mögulega hús sem einsetumaður bjó í (Jón Gaddur).<sup>41</sup>

**Hættumat: Leið X** - Lítilætta (kort 9). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.**Hættuorsök:** Vegagerð.**Mynd 27.** Rúst sem líklega er hluti af rústinni við hliðina [1933-35] þar sem einsetumaðurinn bjó.**Númer: 1833-37****Tegund:** Rúst**Hlutverk:** óþekkt/sjóbúð/naust ?**Staðsetning:** A 289961 N 576892**Staðhættir:** Um 40 m suð austur af naustunum er tvíhólfa rúst.**Minjalýsing:** Rústin hefur tvö hólf og er 6x7 m að utanmáli. Veggir eru um 50 cm á hæð. Þessi bygging tengist útræði frá þessum tanga og gæti verið sjóbúð, naust eða geymsluhús.**Hættumat: Leið X** - Lítil hætta (kort 9). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.**Hættuorsök:** Vegagerð.**Mynd 28.** Möguleg naust. Tveggja hólfra rúst opin í átt til sjávar.<sup>41</sup> Örnefnaskrá Dufansdals.

**Númer: 1833-38****Tegund:** Rúst/niðurgröftur**Hlutverk:** óþekkt**Staðsetning:** A 289961 N 576892**Staðhættir:** Rétt framan við rúst [37] er lítil möguleg hringlaga rúst eða niðurgröftur.**Minjalýsing:** Grjót sést í kring um niðurgröftinn. Rústin er um 5x3 að utanmáli enni niðurgröfturinn er 1x1**Hættumat: Leið X** Lítil hætta (kort 8). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.**Hættuorsök:** Vegagerð.**Númer: 1833-39****Tegund:** Rúst/niðurgröftur**Hlutverk:** óþekkt**Staðsetning:** A 289971 N 576896**Staðhættir:** Rétt framan við rúst [1833-38] er lítil möguleg hringlaga rúst eða niðurgröftur.**Minjalýsing:** Grjót sést í kring um niðurgröftinn. Niðurgröfturinn er 1x1.**Hættumat: Leið X** – Lítil hætta (kort 9). Gæti verið í hættu vegna brúarframkvæmda og umferð um svæðið.**Hættuorsök:** Vegagerð.**Númer: 1833-40****Tegund:** Hleðsla**Hlutverk:** óþekkt/sjóbúð/naust ?**Staðsetning:** A 289926 N 576858**Staðhættir:** 39 m aftan við rúst [1833-37] er hleðsla.**Minjalýsing:** Hleðslan gæti verið frá byggingu sem hefur staðið þarna en nú er aðeins eftir einn ógreinilegur veggur sem er 20 m á lengd og 2 m á breidd.**Hættumat: Leið X** - Hætta. Er 50 m frá ystu vegskeringum (kort 9).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-41

**Tegund:** Hleðsla/ grunnur

**Hlutverk:** minjar tengdar kolavinnslu

**Staðsetning:** A 289935 N 576649

**Staðhættir:** Í fjörunni sem liggur suður af ósum Dufansdalsár er steypdur grunnur.

**Minjalýsing:** Ábúendur í Dufansdal-efri greindu frá að í þessari fjöru væru minjar frá því um 1900 þegar kolanáma var á svæðinu. Þar hefði meðal

annars verið festingar og spil af kláf sem flutti kol frá námunni og í báta. Hleðslan er ferköntuð og er

6 m á lengd og 4 m á breidd. Ekki er hægt að átta sig á hvort þetta séu leifar af umræddu spili eða eitthvað annað mannvirki. Líklegt er þó að þessar minjar séu frá umræddri kolavinnslu.

**Hættumat:** Leið X - Mikil hættu. Hleðslan lendir undir vegskeringu (kort 9).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-42

**Sérheiti:** Stekkjartangatóft

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Stekkur/býli ?

**Staðsetning:** A 290023 N 578074

**Staðhættir:** Í landi Dufansdals um 1.390 m norð-austur af bænum þar sem þjóðvegurinn liggur í átt að Bíldudal og 800 m frá suð-vestur enda flugbrautarinnar á Bíldudalsflugvelli er hringlaga

túngarður og innan hans eru rústir. Í örnefnaskrá Dufansdals segir: „Yst í Stekkjartangamýrum er tóft allstór, Stekkjartangatóft. Hún er hringlaga og mótar fyrir garði út frá henni“<sup>42</sup>. Í annarri örnefnaskrá frá Dufansdals segir: „Heiman og framan við Kattarhrygg gengur lítill tangi fram í sjó og heitir



**Mynd 29.** Grunnur af einhverju mannvirki líklega tengt kolavinnslu.



**Mynd 30.** Rústin stendur fast við Bíldudalsveg.

<sup>42</sup> Örnefnaskrá Dufansdals Björn Ólafsson.

*Stekkjartangi þar hefur trúlega áður verið býli og takið síðar stekkur en stekkjargata sú hefur þá verið æði löng. Sjást þar fornar tóftir og garðmót“<sup>43</sup>. Örnefnið Stekkjartangi bendir til að þarna hafi einhvern tímann verið stekkur en hann er þá mjög fjarri bæ. Garðlagið sem er utan um rústirnar er mjög ógreinilegt og útflatt. Mögulega hefur þarna verið lítið býli í fornöld sem síðar varð að stekk.*

**Minjalýsing:** Stærsta rústin innan garðlagsins er tveggja hólfa rúst. Rústin er ílöng og eru veggir mjög útflattir. Hugsanlega er lítið hólf aftan við en það er fullt af grjóti úr veggjum sem fallið hafa inn í rústina. Utan mál rústarinnar er 19 m á lengd og 12 m á breidd. Veggir eru um 30 cm útflattir og grónir. Svo virðist sem byggt hafi verið ofan á gömlum rústum á þessum stað. Núverandi vegur liggur yfir túngarðinn.

**Hættumat: Leið X - Mikil hættu.** Vegskering er 6,4 metra frá rústinni mikilvægt að girða hana af (kort 10). Könnunarskurðir til að kanna eðli og umfang væru líka æskilegir.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

---

<sup>43</sup> Örnefnaskrá Dufansdals Halldór G. Jónsson.



**Teikning 14.** Teikningin sýnir Stekkjartanga þar sem líklegt er að býli hafi staðið í fornöld.

**Númer:** 1833-43

**Sérheiti:** Stekkjartangi


**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Óþekkt

**Staðsetning:** A 290032 N 578111

**Staðhættir:** Í landi Dufansdals um 1.390 m norð-austur af bænum þar sem þjóðvegurinn liggur í átt að Bíldudal og 800 m frá suð-vestur enda

flugbrautarinnar á Bíldudalsflugvelli eru hringlaga túngarður og innan hans eru rústir. Í örnefnaskrá Dufansdals segir: „Yst í Stekkjartangamýrum er tóft allstór, Stekkjartangatóft. Hún er hringlaga og mótar fyrir garði út frá henni“<sup>44</sup>. Í annarri örnefnaskrár Dufansdals segir: „Heiman og framan við Kattarhrygg gengur lítill tangi fram í sjó og heitir Stekkjartangi þar hefur trúlega áður verið býli og takið



**Teikning 15.** Teikning af rúst[43]. Á myndinni undir sér móta fyrir túngarðinum [44].

<sup>44</sup> Örnefnaskrá Dufansdals. Björn Ólafsson.



síðar stekkur en stekkjargata sú hefur þá verið æði löng. Sjást þar fornar tóftir og garðmót“<sup>45</sup>. Örnefnið *Stekkjartangi* bendir til að þarna hafi einhvern tímann verið stekkur enn hann er þá mjög fjærri bæ. Garðlagið sem er utan um rústirnar er mjög ógreinilegt og útflatt. Mögulega hefur þarna verið lítið býli í fornöld sem síðar varð að stekki.

**Minjalýsing:** Minni rúst er innan túngarðsins og alveg við jaðar hans. Sú rúst er tvö hólf og opin í átt til sjávar. Rústin er 10 m á lengd og 9 m á breidd og veggir eru mjög útflattir en sér vel í grjót úr veggjum sem eru nær alveg fallnir.

**Hættumat: Leið X - Mikil hætta.** Vegur er áformaður 21 m frá rústinni. Þarf að merkja (kort 10). Könnunarskurðir til að kanna eðli og umfang væru líka æskilegir.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:1833-44**

**Sérheiti:** Stekkjartangi

**Tegund:** Garðlag

**Hlutverk:** Túngarður

**Staðsetning:** A 290047 N 578113

**Staðhættir:** Í landi Dufansdals um 1.390 m norð-austur af bænum þar sem þjóðvegurinn liggur í átt að Bíldudal og 800 m frá suð-vestur enda flugbrautarinnar á Bíldudalsflugvelli eru hringlaga túngarður og innan hans eru rústir. Í



**Mynd 31.** Garðlagið er mjög útflatt og sést illa. Garðlagið sést móta hring á loftmyndum.

örnefnaskrá Dufansdals segir: „Yst í Stekkjartangamýrum er tóft allstór, Stekkjartangatóft. Hún er hringlaga og mótar fyrir garði út frá henni“<sup>46</sup>. Í annarri örnefnaskrá Dufansdals segir: „Heiman og framan við Kattarhrygg gengur lítill tangi fram í sjó og heitir Stekkjartangi þar hefur trúlega áður verið býli og takið síðar stekkur en stekkjargata sú hefur þá verið æði löng. Sjást þar fornar tóftir og garðmót“<sup>47</sup>. Örnefnið *Stekkjartangi* bendir til að þarna hafi einhvern tímann verið stekkur enn hann er þá mjög fjærri bæ. Garðlagið sem er utan um rústirnar er mjög ógreinilegt og útflatt. Mögulega hefur þarna verið lítið býli í fornöld sem síðar varð að stekki.

<sup>45</sup> Örnefnaskrá Dufansdals. Halldór G. Jónsson.

<sup>46</sup> Örnefnaskrá Dufansdals. Björn Ólafsson.

<sup>47</sup> Örnefnaskrá Dufansdals. Halldór G. Jónsson.

**Minjalýsing:** Garðurinn er mjög útflattur og ógreinilegur á yfirborði, þó er hægt að greina hann ágætlega á loftmyndum. Á stöku stað stendur grjót upp þar sem garðurinn er. Á loftmyndum sést hann mun betur og þar sést að þjóðvegurinn hefur verið lagður í gegn um garðlagið sem hefur verið hringlaga og eru rústirnar innan garðsins.

**Hættumat:** Leið X - Mikil hætta. Vegskeringar og veglína fara yfir garðinn. Sækja þarf um leyfi til að raska garðinum. Könnunarskurðir til að kanna eðli og umfang væru líka æskilegir (kort 10).

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-45

**Sérheiti:** Stekkjartangi

**Tegund:** Þúst/rústabunga

**Hlutverk:** Óþekkt

**Staðsetning:** A 290014 N 578111

**Staðhættir:** Um 12 m norð-vestur af rúst [1833-43] er rústabunga.

**Minjalýsing:** Ekki sjást greinileg mannvirki á rústabungunni en hún stendur upp úr landinu og er grænni en umhverfið í kring og miklar líkur á að þarna hafi einhvern tímann staðið bygging.

**Hættumat:** Leið X - Hætta. Rústabungan er 35 metra frá vegskeringum. Þarf að merkja (kort 10). Könnunarskurðir til að kanna eðli og umfang væru líka æskilegir.

**Hættuorsök:** Vegagerð.

**Númer:** 1833-46

**Sérheiti:** Dufansdalsrétt

**Tegund:** Rétt

**Hlutverk:** Fjarrétt/Skilarétt

**Staðsetning:** A 290230 N 578450

**Staðhættir:** Um 350 frá suð-vestur enda flugbrautarinnar á Bíldudalsflugvelli og 65 m ofan við veginn er rétt sem kallast Dufansdalsrétt. Í




**Mynd 32.** Dufansdalsrétt er grjóthlaðin skilarétt.

örnefnaskrá segir: „fyrir heiman og ofan Párustein er skilarétt, heitir Dufansdalsrétt.“<sup>48</sup> Í annarri örnefnaskrá segir: „Skammt utan við Réttargil eða Hlaðsgil er Dufansdalsrétt. Var hún lengi aðalrétt hreppsins, en er nú að hruni komin og ekki verið notið í ein fimmtán ár enda fjallskil ekki í eins föstum skorðum.“<sup>49</sup>

**Minjalýsing:** Réttin er grjóthlaðin og ógróin. Réttin er fjögur hólf, þrjú stór og eitt mjög lítið, sem er yfirbyggt.

Hættumat: **Leið X** – Lítil hætta.



**Teikning 16.** Teikning af Dufansdalsrétt.

### 9.3 Saga Hella

Í örnefnaskrá Brjánslækjar segir: „Þar sem Stóragil fellur í Vatnsdalsá eru grösugar eyrar og allt suður að Vatnsdalsvatni; eyrarnar heita Stóragilseyrar. Upp af þeim er stór hvammur, þar sem margir lækir streyma niður stóra berghellu miðhlíðis; hvammurinn heitir Helluhvammur. Hér um slóðir hefir eyðibýlið Helluhvammur verið“<sup>50</sup>. Í jarðabók Árna og Páls er fjallað um jörðina Fossá þar segir: „Á millum Fossár og Brjámslækjar hefur verið kot, kallað Uppsaler. Jarðardýrleiki meinast hafa verið v €. Er kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Er í eyði, og hefur ei byggt um lx ár. Meinast kynni að byggjast. Þar er annað kot, kallað **Hella**. Sumir hafa heyrt hún skuli verið hafa vi €. Kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Liggur í eyði, og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átrodninga“<sup>51</sup>. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1959 segir: „Hella átti slægjur og selstöðu í Smjördal. Rjóminn þar var svo kostamikill að sleifa flaut á torginu. Til eru sagnir um bónda, sem þrívégis kom fótum undir bústofn sinn að Hellu, en hann gekk jafnan af honum aftur, er hann fluttist á aðra bæi. Sumir segja, að kotið hafi lagzt í eyði sökum gestanaúðar, er að því mæddi, en það lág í þjóðbraut þegar ferðazt var af Vestfjörðum austur um Þingmanaheiði og austan vestur um“<sup>52</sup>.

Í Barðstrendingabók segir: „Sæmundur Hallgrímsson hét maður, afburðarmaður af karlmennsku og dugnaði, talinn tveggja manna maki af afli. Hann bjó á Hellu nokkru fyrir miðja 19. öld. Gekk vel fram bú hans og gerðist hann brátt fjármagur, en kýr gat hann ekki haft, þótti honum það svo mikið mein, að hann fluttist á aðra jörð, en þar gekk bú hans saman, svo að hann sá það ráð vænlegast að flytja sig aftur

<sup>48</sup> Örnefnaskrá Dufansdals. Halldór G. Jónsson.

<sup>49</sup> Örnefnaskrá Dufansdals. Björn Ólafsson.

<sup>50</sup> Örnefnaskrá Brjánslækur.

<sup>51</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vígalín. 1940:269

<sup>52</sup> Jóhann Skaptason 1959:93.

á Hellu. Batnaði hagur hans bráðlega. Talið var, að þannig hafi farið þremur sinnum, að hann flyttist ýmist af jörðinni auðurgur að sauðfé, eða á hana aftur öreigi. Síðast mun hann hafa flutzt þaðan 1840. Um þær mundir seldi hann Þórði Þorsteinsyni, sem þá hafði reist nýbýli á Þórisstöðum, geitur sínar, sem hann hafði á Hellu; því þær undu vel þar í skóginum, þótt kýr þrifust þar ekki. -Síðast var búið á Hellu um 1880“<sup>53</sup>. Við skoðun á manntölum er Sæmundur Hallgrísson skráður á Hellu ásamt fjölskyldu árið 1840 og er það fyrsta skráning á Hellu sem manntöl ná til. Mögulega hefur Sæmundur búið þar áður en Hellu er ekki getið í manntölum 1816 eða 1835. Árið 1845 er Sæmundur fluttur og Gunnar Gunnarson býr ásamt fjölskyldu á Hellu en svo árið 1850 er Sæmundur aftur fluttur á Hellu með fjölskyldu sína og er búandi þar til um 1860 en þá býr á jörðinni Finnbogi Oddsson og fjölskylda. Árið 1880 búa þar feðgar Jón Jónsson og sonur hans en það er síðasta skráning í manntölum. Bærinn hefur því farið í eyði fljótlega eftir 1880. Frásögnin um sífellda flutninga Sæmunds bónda eru því staðfest í manntölum. Enginn hafði búið lengi á Hellu áður en það byggðist aftur um 1840 en það hafði verið lengi í eyði um 1710 þegar jarðabók er skrifuð. Merkilegt er að bæði jarðabókin og frásögn í Árborg greina frá erfiðleikum ábúanda vegna ferðamanna en bærinn er í alfaraleið. Fyrir fátæka bændur gat verið mjög erfitt að fæða alla gesti sem komu við á bæjum.

Í jarðatali Jonsen frá 1847 segir: „1805 eru eyðijarðirnar Uppsalar, Smiðjumýrar, Vandalsbakkar og Helluhvammur hér með [Brjánslæk]“.<sup>54</sup> Býlið virðast heita Hella árið 1847.

## 9.4 Fornleifar Hella

**Númer:** 1833-49

**Tegund:** Garðlag

**Hlutverk:** Túngarður

**Staðsetning:** A 308000 N 570623

**Staðhættir:** Rétt við núverandi þjóðveg eru leifar af túngarði frá bænum Hellu.

**Minjalýsing:** Túngarðurinn er ekki greinilegur nema á smá kafla. Hann hefur verið hlaðin út torfi og grjóti. Sér í grjóthleðslur garðsins á smá kafla. Garðurinn er um 50 cm á hæð og en 62 m á lengd það sem enn sést á yfirborði. Rest er líklega undir kjarri.

**Hættumat:**



**Mynd 33.** Sá hluti sem eftir er að túngarðinum á Hellu nærri veginum.

<sup>53</sup> Kristján Jónsson.1942:72

<sup>54</sup> Jarðabók Jonsen 1847: 180

**Leið A1** – Mikil hætta er aðeins 10 m frá fyllingum. Þarf að merkja (kort 11a).

**Leið A2** – Hætta (kort 11b). 24 m frá vegskeringum

**Leið A3** – Mikil hætta er aðeins 5 m frá skeringum. Þarf að merkja (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Nálægt tengivegi við Flókalund. Þarf að merkja.

**Leið F3** – Utan svæðis.

**Númer: 1833-50**

**Eldra númer: BS-139787-94:007**

**Sérheiti: Hella/Helluhvammur**

**Tegund: Bæjarhóll/rústir**

**Hlutverk: Býli**

**Staðsetning: A 307947 N 570658**

**Staðhættir:** Um 42 m norður af þjóðvegnum eru bæjarhóll Hellu. Þar sjást greinilega rústir

síðasta bæjar á Hellu.

**Minjalýsing:** Rústirnar eru hæstar um 1 m og

breidd veggja er um 1-2 m eftir því hversu mikið veggir hafa hrunið. Rústirnar eru grónar en sér vel í hleðslugrjót. Fjögur herbergi eru samtengd og eitt þeirra er stærra og ílangt, mögulega baðstofa. Þrjú önnur herbergi eða rými eru í byggingunni en ekki auðvelt að sjá hvort þau hafa verið samtengd og innangengt í þau. Alls eru því greinanleg sjö herbergi eða rými í bænum sem stendur á bæjarhól. Breidd bæjarins er 21 m (AV) og 25 m á lengd (NS).

**Hættumat:**

**Leið A1** – Lítil hætta 33 m frá ystu fyllingum

(kort 11a).



**Mynd 34.** Bæjarhóll Hellu og á honum eru rústir síðasta bæjarins sjáanlegar.



**Teikning 17.** Rústir á bæjarhólnum og leifar af matjurtargarði.

**Leið A2** – Lítil hætta 51 m frá ystu fyllingum.

(kort 11b).

**Leið A3** – 31 m frá ystu skeringum. Þarf að merkja. (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.

**Númer:** 1833-51

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Óþekkt/ útihús

**Staðsetning:** A 308010 N 570650

**Staðhættir:** Rétt austan við bæjarrústirnar um 11 m frá er lítið hús sem stendur stakt.

**Minjalýsing:** Rústin er 5x5 m að stærð og veggir grónir og um 50 cm á hæð. Veggir eru nokkuð mikið hrundir til austurs en þó er hólfíð enn nokkuð greinlegt.



**Teikning 18.**

**Hættumat:**

**Leið A1** – Lítil hætta 34 m frá ystu fyllingum (kort 11a).

**Leið A2** – Lítil hætta 35 m frá ystu skeringum (kort 11b).

**Leið A3** – Lítil hætta 28 m frá ystu skeringum (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.

**Númer:** 1833-52

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús

**Staðsetning:** A 307924 N 570670

**Staðhættir:** Um 45 metra ofan við bæjarrústina til NV er tóft sem er líklega fjárhústóft með hlöðu og gerði. Þar sem mörg rými eru á húsinu getur verið að notkun hafi verið meiri en bara fyrir sauðfé. Einnig getur verið að húsið hafi verið endurbætt síðar því tvö rýmin eru mun greinilegri og gætu verið yngri.



**Mynd 35.** Útihús í túninu á Hellu.

**Minjalýsing:** Húsið hefur tvö ílöng rými og aftan við annað þeirra er hlaða sem er innangeng, þessi hluti er örugglega fyrir sauðfé. Við hliðina eru svo tvö önnur rými sem gætu hafa þjónað öðrum tilgangi, þau eru hærri og minna fallin. Þar við hliðina er bogadregið garðlag áfast við sem hefur verið rétt. Veggirnir eru hæstir um 1,2 m í tveimur rýmum og um 50 cm í þeim hluta sem líklega er fjárhús. Rústin er gróin. Þó sést mjög vel í hleðslur á flestum stöðum. Rústin er 13 m á lengd (NS) og 23 m á breidd (AV) þá er gerðið tekið með.

**Hættumat:** **Leið A1** – Engin hætta 70 m frá ystu skeringum (kort 11a).


**Leið A2** – Engin hætta 91 m frá ystu fyllingum (kort 11b).

**Leið A3** – Engin hætta 72 m frá ystu skeringum (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.



**Teikning 19.** Teikning af útihúsi í heimatúni Hellu.

**Númer:** 1833-53

**Tegund:** Rúst

**Hlutverk:** Fjánhús

**Staðsetning:** A 307940 N 570695

**Staðhættir:** Um 40 m ofan við bæjarrústirnar er fjárhústóft.

**Minjalýsing:** Rústin er ílöng og skiptist í fjánhús með

innangengri hlöðu í enda. Veggir rústarinnar eru 1 m á hæð og um 1 ½ m á breidd. Rústin er 12 m á lengd (NS) og 7 m á breidd (AV).

**Hættumat: Leið A1** – Engin hætta rústin er 101 m frá ystu mörkum vegskeringa (kort 11a).


**Leið A2** – Engin hætta rústin er 126 m frá ystu mörkum vegskeringa (kort 11b).

**Leið A3** – Engin hætta rústin er 101 m frá ystu mörkum vegskeringa (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.



**Mynd 36.** Fjánhús í heimatúninu á Hellu.



**Teikning 20.** Teikning af fjárhúsi í heimatúni Hellu.



**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.

**Númer: 1833-54**

**Tegund:** Garðlag

**Hlutverk:** Matjurtargarður

**Staðsetning:** A 307955 N 570641

**Staðhættir:** Framan við bæjarrústirnar má greina vel á loftmyndum L-laga garðlag framan við bæjarhúsin.

**Minjalýsing:** Garðlagið sést ekki mjög vel á yfirborði en er greinilegt á loftmyndum. Garðurinn er mjög lágur og sokkin í sinu. Þar sem hann er enn merkjanlegur er hann 43 m á lengd.

**Hættumat: Leið A1** – Lítil hættu 36 m frá ystu skeringum (kort 11a).

**Leið A2** – Lítil hættu 54 m frá ystu skeringum (kort 11b).

**Leið A3** – Lítil hættu 30 m frá ystu skeringum (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.



**Teikning 21.** Matjurtargarðurur framán við bæjarhúsin á Hellu.

**Númer:** 1833-55

**Tegund:** Niðurgröftur/gata

**Hlutverk:** Tröð

**Staðsetning:** A 307996 N 570632

**Staðhættir:** Upp frá núverandi þjóðvegi að bæjarrústunum má greina dæld og er þetta líklega tröð eða vegur upp að bænum.

**Minjalýsing:** Tröðin er greinilegri á loftmyndum en á yfirborði en þar kemur hún fram eins og dæld. Tröðin eða dældin er 32 m á lengd.

**Hættumat: Leið A1.** Mikil hætta 3 m frá minjum (kort 11a).

**Leið A2** – Mikil hætta fer yfir endann (kort 11b).

**Leið A3** – Hætta 25 m frá ystu skeringum. (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.



**Teikning 22.** Teikning sem sýnir allar rústirnar í heimatúni Hellu og veginn með skeringum.

**Númer:** 1833-56

**Tegund:** Gata

**Hlutverk:** Leið

**Staðsetning:** A 307919 N 570594/ A 307871 N 570650

**Staðhættir:** Þjóðleið lá framhjá Hellu. Í Jarðabók Árna og Páls segir að bærinn hafi lengi verið í eyði og þar sé erfitt að búa sökum átroðnings<sup>55</sup>. Í Árbók ferðafélagsins segir: „sumir segja að kotið hafi lagst af sökum gestaánaudaðar, er á því mæddi, en það lág um þjóðbraut þegar ferðast var af Vestfjörðum austur um Þingmannaheiði og að austan vestur um<sup>56</sup>“.

**Minjalýsing:** Hægt er að greina tvær leiðir nærri Hellu. Önnur leiðin er ógreinilegri og er ofar og liggur gegnum kjarr, sú leið er greinanleg frá miðju túni. Hin hefur legið aðeins utan túngarðs og er greinilegri í kjarrinu.

<sup>55</sup> Árni Magnússon, Páll Vítalín 1981:269

<sup>56</sup> Jónatak Skaptason.1959:93



**Teikning 23.** Minjar á Hellu sem og leiðir sem merktar eru með gulu. Veglína A1 (blár), veglína A2 (bleik) og veglína A3.

**Hættumat: Leið A1** – Mikil hætta. Leið A1 kemur aðeins inn á leiðina. (teikning 23).

**Leið A2** – Engin hætta (teikning 23).

**Leið A3** – Mikil hætta. Skeringar ná 8 m frá leið (teikning 23).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.

**Númer: 1833-57**

**Tegund:** Volgra

**Sérheiti:** Hellulaug

**Hlutverk:** Laug

**Staðsetning:** A 308158 N 570658

**Staðhættir:** Rétt sunnan við Þjóðveginn í SSV frá Hellu er svo nefnd Hellulaug. Í Örnefnaskrá segir: „Niður undan Hellutúni er laug“.



**Mynd 37.** Hellulaug, uppgerð

**Minjalýsing:** Laugin hefur verið heit volgra sem tilheyrði Hellu en var síðan gerð að lítilli laug, fyrir nokkrum árum var laugin svo endurbætt og ekki hægt að greina upphaflegu laugina lengur.

**Hættumat: Leið A1** – Lítil hætta. 30 m frá ystu skeringu. (kort 11a).

**Leið A2** – Lítil hætta. 30 m frá ystu skeringu. kort 11b).

**Leið A3** – Lítil hætta. 30 m frá ystu skeringu. (kort 11c).

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.

**Númer: 1833-58**

**Sérheiti:** Kollagata

**Tegund:** Heimild

**Hlutverk:** Leið

**Staðsetning:** A 307320 N 570776

**Staðhættir:** Í Árbók ferðafélagsins segir“ Um Penningsdal og Þverdal er gamall reiðvegur Kollagata til Geirþjófsfjarðar, yfir efstu drög Norðdals ofan við Vatnahvilft vestan Botnshests, en austan Fjallakolls við Geirþjófsfjörð. Nú [1959] er verið að leggja akveg þessa leið og um Dynjandisheiði að Dynjanda í Arnarfirði“

**Minjalýsing:** Þessi leið er að horfin undir núverandi veg um Dynjandisheiði eins og oft vill verða með gamlar leiðir en hægt er að greina hluta leiðarinnar nærri Geirþjófsfirði.

**Hættumat: Leið A1** – Engin hætta.

**Leið A2** – Engin hætta.

**Leið A3** – Engin hætta.

**Leið F** – Utan svæðis.

**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.

**Númer: 1833-59**

**Sérheiti:** Kýrlág

**Tegund:** Heimild

**Hlutverk:** Stöðull ?

**Staðsetning:** A 307984N 570608

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „*Laut framán við túnið heitir Kýrlág*“ en samkvæmt heimildarmanni Jóhanni Pétri Ágústssyni er Kýrlág til hliðar við Flókalund á milli Flókalundar og Tjaldstæðis. Kýrlág er misgengi í fjallinu, brött og gróin.

**Minjalýsing:** Ekki er sagt hvort þetta sé stöðull eða bara staður sem kýr héldu sig. Merkilegt er þó að í lýsingum segir að Sæmundur Hallgrímsson bóndi hefði þrisvar flutt frá Hellu vegna þess að hann gat ekki haldið kýr á bænum.

**Hættumat:** Ekki er um að ræða fornleif í sjálfu sé heldur örnefni.

**Númer:** 1833-60

**Sérheiti:** Sæmundarstekkur

**Tegund:** Heimild

**Hlutverk:** Stekkur

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „*Laut fyrir framán túnið heitir Kýrlág. Nokkuð fyrir framán Kýrlág er Sæmundarstekkur*“

**Minjalýsing:** Stekkurinn fannst ekki við vettvangsathugun, mikið kjarr er á svæðinu framán við Kýrlág.

**Hættumat:** Ekki metið.

**Númer:** 1833-61

**Sérheiti:** Vatndalsbakkar

**Tegund:** Heimild

**Hlutverk:** Býli

**Staðsetning:** A 309471 N 572183

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „*Við syðri enda Vatnsdalsvatns fyrir vestan ána eru tjarnir; heita Lómatjarnir. Bilið milli Tjarnanna og fjarðarbotnsins heitir Eiði. Á Eiðinu reisti Jón Úlfsson nýbýli og bjó þar í nokkur ár, en síðast árið 1798. Síðan hefur þar ekki verið búið. Sér þar enn fyrir túnstæði og hústófunum*“.<sup>57</sup>

---

<sup>57</sup> Örnefnaskrá Brjánslækjar.

**Minjalýsing:** Líklega er þarna um að ræða lýsingu á bænum Vatnsdalsbökkum sem stóð um 150 m norðar en núverandi þjóðvegur. Nú er þar allt yfirgróið með kjarri.

**Hættumat: Leið A1** – Engin hætta, utan 100 m frá miðlínu vegar.

**Leið A2** – Engin hætta, utan 100 m frá miðlínu vegar.

**Leið A3** – Engin hætta, utan 100 m frá miðlínu vegar.

**Leið F** – Utan svæðis.


**Leið F2** – Utan svæðis.

**Leið F3** – Utan svæðis.

## 10. SAMANTEKT

Við fyrri rannsóknir voru 48 minjar skráðar innan hundrað metra frá ystu línu vegskeringa eða fyllinga. Síðar var bætt við skráningu í Vatnsfirði vegna nýrra veglína og þá bættust við 12 minjanúmer. Alls eru því minjarnar 60 í þessari skýrslu. Þar af voru þrjár minjar rétt utan 100 metra línu. Tvær veglínur eru í Dynjandavogi, leið F og leið D. Leið F liggur ofar en leið D um Búðavík þar sem núverandi vegur liggur. Þegar sá vegur var lagður er ljóst að minjar hafa farið undir veg. Þess vegna er mikilvægt að rannsókn fari fram verði farin leið D enda liggja skeringar alveg að minjum og yfir þær að hluta.

Engar minjar fundust á Dynjandisheiði enda er sú heiði mjög há og yfirleitt ekki mikið af minjum á heiðum nema helst vörður og leiðir. Veglínan sem liggur niður af Dynjandisheiði um Suðurfirði að Bíldudal er leið X um Bíldudalsveg. Á tveimur stöðum viku önnur veglína út frá leið X, í Trostansfirði (leið Z) og Reykjafirði (leið Y). Flestar minjar má verja með því að merkja þær eða girða af þó þær séu nærri framkvæmdum. Hér er fjallað um hverja jörð og þær minjar innan þeirra sem lenda á áhrifasvæði framkvæmda.



**Kort 2.** Yfirlit yfir minjastaði við Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63).

### 10.1 Dynjandi og Borg

Í landi Borgar þarf leyfi frá Minjastofnun Íslands til að raska litlum hluta af gamla veginum frá Dynjanda að Borg [1833-3]. Í Búðavík nærri Dynjanda eru minjar sem eru alveg við núverandi veg og vegskeringar og fyllingar á leið D. Framkvæmdirnar við leið D hafa áhrif á þessar minjar. Minjarnar



hafa númerin [1833-5], [1833-6], [1833-7], [1833-8]. **Verði af leið D er mikilvægt að rannsókn fari fram á minjunum í Búðavík.** Eldri minjar eru líklega undir þeim sem nú sjást á yfirborði. Ef leið F verður fyrir valinu þarf að sækja um leyfi til að raska vörðu á Álftharhalla [1833-48].

### 10.2 Trostansfjörður

Sækja þarf um leyfi til að raska einni vörðu [1833-14] ofan við Trostansfjörð þar sem hún fer undir vegskeringar á leið X og leið Z. Þrjár rústir eru rétt í kring um 100 m frá ystu mörkum vegskeringa á leið Z. Þetta eru rústir [1833-15] og [1833-16] vegna fjarlægðar teljast þær í lítilli hættu. Hinsvegar er Trostansfjarðarrétt [1833-18] staðsett um 8 metra frá vegskeringum á leið Z. Staðsetning réttarinnar er fyrir neðan kletta en veglínur eru ofan á klettunum valda því að réttin er ekki í svo mikilli hættu þrátt fyrir nálægð í metrum talið. Mikilvægt er að merkja réttina á framkvæmdatíma.

### 10.3 Reykjarfjörður

Leyfi þarf til að fara yfir gamlan veg [1833-22] í Reykjarfirði en sá vegur er að öllum líkindum ekki fornleifar. Rúst [1833-23] er alveg við núverandi veg og vegskeringar á leið Y og er um 3 m frá rústinni. Rannsaka þarf rústina. Torfhús er í horni á túni nærri veginum [1833-24]. Húsið er innan girðingar og ætti ekki að verða fyrir áhrifum þrátt fyrir nálægð við vegskeringar á leið Y. Garðlag [1833-25] er undir vírgirðingu. Vegskeringar eru staðsettar 5 m við mógrafir [1833-47] á leið Y. Þar þarf að merkja minjar eða fá leyfi til að raska.

### 10.4 Fossfjörður

Í Fossfirði er rúst alveg niður við sjó 28 m frá leið X [1833-26]. Merkja verður rústina.

Í Fossfirði er sel sem er mjög nálægt leið X og eru seljarústirnar sjálfar um 6,3 m frá ystu mörkum vegskeringa á leið X. Rannsóknir eru æskilegar þar sem vegurinn er mjög nærri selinu eða mögulega girða af rústirnar, sel [1833-27], garðlag [1833-28] og rústina [1833-29] á framkvæmdatíma.

Við ósa Dufansdalsár þar sem hún rennur út í Fossfjörð eru merkilegar minjar. Eitt þeirra er svokallað Ánargerði [1833-31] sem sagt er vera frá landnámsöld. Vegskeringar fara alveg við hornið á Ánargerði og er



**Teikning 24.** Skyggða svæðið er það svæði sem lagt er til að verði afgirt á framkvæmdatíma.

---

mjög mikilvægt að það sé girt af með girðingu þar sem hleðslur eru mjög ógreinilegar og flatar og ekki auðvelt að sjá þær. Ánargerði er í **mjög mikilli** hættu og því afskaplega mikilvægt að forða því frá skemmdum vegna framkvæmda við veginn. Nokkrar aðrar rústir eru neðan við Ánargerði og eru þær ekki í eins mikilli hættu þó verður að girða svæðið af þar sem brúarsmíði er fyrirhuguð í nágrenni og mikil umferð manna og tækja á framkvæmdartíma. Lagt er til að minjasvæðið verði algerlega afgirt á framkvæmdatíma. Sérstaklega verður að huga að Ánargerði og fara í aðgerðir til verndar því en vegskeringar eru alveg við það. Könnunarskurður í gerði myndi aðeins svara því úr hverju það var gert en aldursgreiningar eru ekki framkvæmanlegar sökum skorts á gjóskulögum á Vestfjörðum. Mögulega væri hægt að freista þess að taka sýni og sannreyna þannig hvort um akurgerði sé að ræða og þá mögulega aldursgreina fræ, finnist þau. **Mjög brýnt er að fara í aðgerðir til vernda gerðið fyrir skemmdum.**

Merkja verður eftirfarandi minjar í Fossfirði [1833-31], [1833-32], [1833-33], [1833-34], [1833-35] [1833-36], [1833-37], [1833-38], [1833-39] og [1833-40]. Mikilvægt er að merkja aðrar rústir því þó að þær verði ekki fyrir beinum áhrifum af veglagningu eru þær nærri framkvæmdasvæði og umferð stórvirkra vinnuvéla, sérstaklega þar sem brú (eða steipt ræsi) er fyrirhuguð þarna.

Í Fossfirði nærri flugvælinum á Bíldudal er hringlaga túngarður [1833-44] en núverandi vegur hefur þegar raskað garðinum þar sem hann liggur þvert yfir hann. Viðbúið er að sækja verði um leyfi til að raska honum enn frekar. Leyfið er sótt til Minjastofnunar Íslands. Innan þessa garðs eru tvær rústir og ein þúst. Rúst [1833-42] er í mikilli hættu vegna þess að vegskeringar eru 4 metra frá henni og æskilegt að rannsaka hana til að kanna eðli og umfang en mögulega er um að ræða fornt býli. Rúst fyrir ofan hana [1833-43] er aðeins 22 m frá vegskeringum. Þessar minjar innan túngarðsins sem núverandi vegur liggur í gegnum bera öll merki þess að vera fornt býli og því æskilegt að rannsaka eðli og umfang þessara minja.

### 10.5 Hella

Eyðibýlið Hella er um 200 m NA af Flókalundi og er norðan við þjóðveginn. Veglínur í Vatnsfirði eru neðan við býlið Hella (eða Helluhvamm) og næst veginum eru leifar túngarðs [1833- 49] og tröð [1833-55] sem þarf að merkja. Rústir bæjar og útihúsa eru ekki í hættu vegna fyrirhugaðra veglína en gott væri að merkja þær einnig. Æskilegt væri að merkja allar þessar minjar og leyfi þarf frá Minjastofnun til að raska túngarði [1833-49] og hluta af leið [1833-56]. Aðrar minjar eru ekki í beinni hættu vegna framkvæmda þó þær séu margar innan við 100 m frá veglínu en æskilegt væri að merkja þær ef veglínur A1, A2 eða A3 verða fyrir valinu. Býlið Vatnsdalsbakkar er utan við 100 m frá miðju vegar.



**Kort 3.** Veglínur A1, A2, A3, F, F2 og F3 í Vatnsfirði ásamt tengivegum.

Tafla 1. Sýnir samantekt á fornleifum á athugunarsvæðinu.

<b>Númer minja</b>	<b>Tegund</b>	<b>Fjarlægð frá miðlínu vegar</b>	<b>Hættumat</b>	<b>Tillaga að mótvægisadgerðum</b>
1833-1	Rudd vör	86 m veglína F	Lítill hætta	Engar
1833-2	Naust	82 m veglína F	Hætta	Merkja
1833-3	Þjóðleið	82 m veglína F	Mikil hætta	Leyfi til að raska á nokkrum stöðum.
1833-4	Rétt	80 m veglína F	Lítill hætta	Engar
1833-5	Fjánhús	75 m veglína F 1 m veglína D	Lítill hætta Mikil hætta	Engar Rannsóknir
1833-6	Fjánhús	70 m veglína F 7 m veglína D	Lítill hætta Mikil hætta	Engar Rannsóknir
1833-7	Garðlag	90 m veglína F 11 m veglína D	Lítill hætta Mikil hætta	Engar Rannsóknir
1833-8	Býli	90 m tengiv. veglína F 1 m veglína D	Lítill hætta Mikil hætta	Engar Rannsóknir
1833-9	Sel	Utan 100 m veglína F 72 m veglína D	Engin hætta Lítill hætta	Engar Engar
1833-10	Býli ?	Utan 100 m veglína F Utan 100 m veglína D	Utan svæðis Utan svæðis	Engar Engar
1833-11	Heimild	Utan 100 m veglína FD Utan 100 m veglína D	Utan svæðis Utan svæðis	Engar Engar
1833-12	Heimild	60 m frá veglínu F Utan 100 m veglína D	Lítill hætta Engin hætta	Engar Engar
1833-13	Varða	30 m Skeringum X 30 m frá Skeringum Z	Lítill hætta Lítill hætta	Merkja Merkja
1833-14	Varða	0 m frá skeringum X 1 m frá skeringum Z	Mikil hætta Mikil hætta	Leyfi til að raska Leyfi til að raska
1833-15	Rúst	Utan 100 m frá veglínu X Utan 100 m frá veglínu Z	Lítill hætta Lítill hætta	Engar Engar
1833-16	Rúst	Utan 100 m frá X Utan 100 m frá veglínu Z	Engin hætta Engin hætta	Engar Engar
1833-17	Rúst	Utan 100 m frá X 95 m frá veglínu Z	Engin hætta Engin hætta	Engar Engar
1833-18	Rétt	54 m frá veglínu X 8 m frá vegskeringum Z	Lítill hætta Hætta	Merkja Merkja
1833-19	Hleðsla	66 m frá veglínu X 97 m frá veglínu Z	Lítill hætta Engin hætta	Merkja Engar
1933-20	Fjárborg	18 m frá veglínu X	Mikil hætta	Girða af og merkja
1833-21	Hleðsla/Kuml ?	61 m frá veglínu X	Hætta	Merkja
1833-22	Vegur	0 m frá veglínu X	Mikil hætta	Leyfi til að raska
1833-23	Rúst	100 m frá veglínu X 3,5 m frá veglínu Y	Engin hætta Mikil hætta	Engar Rannsaka
1833-24	Útihús	Utan 100 m frá veglínu X 35 m frá veglínu Y	Engin hætta Lítill hætta	Engar Merkja
1833-25	Garðlag	Utan 100 m frá veglínu X 39 m frá veglínu Y	Engin hætta Lítill hætta	Engar Merkja
1833-26	Þúst/Rúst	28 m frá veglínu X	Hætta	Merkja

1833-27	Rúst	6,3 m frá skeringum X 17 m frá veglínu X	Mikil hætta	Rannsaka eða girða af og merkja.
1833-28	Garðlag	12 m frá veglínu X	Mikil hætta	Merkja
1833-29	Rúst	31m frá veglínu X	Hætta	Merkja
1833-30	Rúst	29 m frá vegskeringum X	Hætta	Merkja
1833-31	Hleðsla	3 m frá veglínu X	Mikil hætta	Rannsóknir ? mjög sterk girðing og aðgerðir til varnar gerðinu.
1833-32	Rúst	92 m frá veglínu X	Lítill hætta.	Merkja rústir vel *
1833-33	Rúst	88 m frá veglínu X	Lítill hætta.	Merkja rústir vel
1833-34	Rúst	89 m frá veglínu X	Lítill hætta	Merkja rústir vel
1833-35	Rúst	94 m frá veglínu X	Lítill hætta.	Merkja rústir vel
1833-36	Rúst	96 m frá veglínu X	Lítill hætta.	Merkja rústir vel
1833-37	Naust	96 m frá veglínu X	Lítill hætta	Merkja rústir vel
1833-38	Rúst	115 m frá veglínu X	Lítill hætta v.	Merkja rústir vel
1833-39	Rúst/ Niðurgroftur	120 m frá veglínu X	Lítill hætta	Merkja rústir vel
1833-40	Hleðsla	44 m frá veglínu X	Hætta	Merkja rústir vel
1833-41	Hleðsla/grunnur	11 m frá vegskeringu X	Mikil hætta.	Leyfi til að fjarlægja
1833-42	Rúst	6,4 m frá vegskeringu X	Mikil hætta	Könnunarskurður
1833-43	Rúst	30 m frá veglínu X	Mikil hætta	Merkja. Könnunarskurður
1833-44	Garðlag	0 m frá veglínu X	Mikil hætta	Könnunarskurður. Leyfi til að raska
1833-45	Þúst/rústarbunga	40 m frá veglínu X	Hætta	Merkja Könnunarskurðir ?.
1833-46	Rétt	48 m frá veglínu X	Lítill hætta	Merkja
1833-47	Náma	100 m frá veglínu X 5 m frá veglínu Y	Lítill hætta Hætta	Engar Merkja eða leyfi til að raska.
1833-48	Varða	Rétt við tengiveg veglínu F	Mikil hætta	Leyfi til að fjarlægja
1833-49	Garðlag	20 m frá veglínu A1 38 m frá veglínu A2 22 m frá veglínu A3 22 m frá veglínu F2	Mikil hætta Hætta Mikil hætta Mikil hætta	Merkja Merkja Merkja Merkja
1833-50	Bæjarhóll/rústir	41 m frá veglínu A1 62 m frá veglínu A2 53 m frá veglínu A3	Lítill hætta Lítill hætta Lítill hætta	Merkja
1833-51	Rúst	41 m frá veglínu A1 47 m frá veglínu A2 45 m frá veglínu A3	Lítill hætta	Merkja
1833-52	Rúst	92 m frá veglínu A1 99 m frá veglínu A2 91 m frá veglínu A3	Engin hætta	Merkja

1833-53	Rúst	96 m frá veglínu A1 Utan 100 m frá veglínu A2 96 m frá veglínu A3	Engin hætta	Merkja
1833-54	Garðlag	40 m frá veglínu A1 57 m frá veglínu A2 41 m frá veglínu A3	Lítill hætta	Merkja
1833-55	Niðurgroftur / gata	14 m frá veglínu A1 27 m frá veglínu A2 15 m frá veglínu A3	Hætta Hætta Mikil hætta	Leyfi til að raska að hluta. Merkja Leyfi til að raska að hluta.
1833-56	Gata	0 m frá tengivegi veglínu A1 30 m frá veglínu A2 10 m frá tengivegi veglínu A3	Mikil hætta Lítill hætta Hætta	Leyfi til að raska að hluta. Engar Merkja
1833-57	Volgra	33 m frá veglínu A1 35 m frá veglínu A2 35 m frá veglínu A3	Lítill hætta	Engar Engar Engar
1833-58	Heimild	Horfin	Engin hætta	Engar
1833-59	Heimild	Örnefni	Engin hætta	Engar
1833-60	Heimild	Horfinn	Engin hætta	Engar
1833-61	Heimild	Horfið	Engin hætta	Engar

\*Minjar eru langt frá en gæta verður að vélar fari ekki nærri rústum við framkvæmdir við ána.

## Heimildaskrá

*Annelar Islandici Posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800.* VI. bindi. 1987. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.* Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Árbók Ferðafélags Íslands 1959. Jóhann Skaptason „Barðastrandarsýsla“ Reykjavík 1959 Heimid *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn.* Fjórða bindi. 1897. Gefið út af Hinu íslenska Bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

Barðstrendingabók. Ritstj. Kristján Jónsson: Ýmsir höfundar. Útg. 1942.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn.* Tólfta bindi. 1923-1932. Gefið út af Hinu íslenska Bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Íslensk fornrit I Íslendingabók og Landnáma.* 1968. Hið íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

## Óutgefnar heimildir

Örnefnisskrá Dynjandi

Örnefnaskrá Reykjafjörður

Örnefnaskrá Dufansdalur

Örnefnaskrá Foss

Örnefnaskrá Dynjandi



**Skýringar**

- Minjar
- Veglína F**
  - Veglína F
  - Fyllingar
  - Skeringar
- Námusvæði
- Minjar í hættu



1833-03

1833-01  
1833-02

1833-04



**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**




Dags: 21. febrúar 2019  
Kort 4. Borg

**Mat á áhrifum vegagerðar á fornleifar**  
Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og  
Bíldudalsvegur (63)  
Náttúrustofa Vestfjarða/MHH/HBA








- Skýringar**
- Minjar
  - Veglína F**
    - Veglína F
    - Fyllingar
    - Skeringar
    - Minjar í hættu
  - Veglína D**
    - Veglína D
    - Fyllingar
    - Skeringar
    - Minjar í hættu




Dags: 21. febrúar 2019  
Kort 5. Dynjandi

**Mat á áhrifum vegagerðar á fornleifar**  
Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og  
Bíldudalsvegur (63)  
Náttúrustofa Vestfjarða/MHH/HBA

- Skýringar**
- Minjar
  - Leið X
  - Leið X
  - Fyllingar
  - Skeringar
  - Minjar í hættu




**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**





Dags: 13. mars 2018  
Kort 6a. Trostansfjörður


**Mat á áhrifum vegagerðar á fornleifar**  
Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og  
Bíldudalsvegur (63)  
Náttúrustofa Vestfjarða/MHH/HBA

- Skýringar**
- Minjar
  - Leið Z
    - Leið Z
    - Fyllingar
    - Skeringar
    - Minjar í hættu






- Skýringar**
- Minjar
  - Leið X**
    - Leið X
    - Fyllingar
    - Skeringar
  - Leið Y**
    - Leið Y
    - Fyllingar
    - Skeringar
    - Minjar í hættu










**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**



Dags: 13. mars 2018  
Kort 7. Reykjarfjörður

**Mat á áhrifum vegagerðar á fornleifar**  
Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og  
Bíldudalsvegur (63)  
Náttúrustofa Vestfjarða/MHH/HBA




- Skýringar**
-  Minjar
  - Veglína X**
  -  Veglína X
  -  Fyllingar
  -  Skeringar
  -  Minjar í hættu



1833-31

1833-32  
 1833-33  
 1833-34  
 1833-36  
 1833-39  
 1833-37  
 1833-38  
 1833-40

- Skýringar**
- Minjar
  - Veglína X**
  - Veglína X
  - Fyllingar
  - Skeringar
  - Minjar í hættu



1833-41




Dags: 21. febrúar 2019  
Kort 9. Dufansdalur

**Mat á áhrifum vegagerðar á fornleifar**  
Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og  
Bíldudalsvegur (63)  
Náttúrustofa Vestfjarða/MHH/HBA



**Skýringar**

- Minjar
- Leið X**
- Leið X
- Fyllingar
- Skeringar
- Minjar í hættu






**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**




Dags: 13. mars 2018  
Kort 10. Vestanverður Fossfjörður

**Mat á áhrifum vegagerðar á fornleifar**  
Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og  
Bíldudalsvegur (63)  
Náttúrustofa Vestfjarða/MHH/HBA






**Skýringar**


-  Minjar
- Veglína A1**
-  Veglína A1
-  Fyllingar
-  Skeringar
-  Minjar í hættu










**Skýringar**

-  Minjar
- Veglína A2**
-  Veglína A2
-  Fyllingar
-  Skeringar
-  Minjar í hættu



**Skýringar**

-  Minjar
- Veglína A3**
-  Veglína A3
-  Fyllingar
-  Skeringar
-  Minjar í hættu

